

Handbók Féлага Skautasambands Íslands

Rafbók



Efnisyfirlit

1	HVERS VEGNA HANDBÓK?	3
1.1	ÍSLENSKA ÍPRÓTTAHREYFINGIN	4
1.1.1	<i>Íþróttta- og Ólympíusamband Íslands (ÍSí)</i>	5
1.1.2	<i>Alþjóðaskautasambandið (ISU)</i>	5
1.1.3	<i>Íþróttabandalög</i>	5
1.2	UPPBYGGING SKAUTAÍPRÓTTA Á ÍSLANDI	5
1.3	UMHVERFI BARNNA OG UNGMENNA Í SKAUTAÍPRÓTTUM	6
1.4	LEIÐIN AÐ AFREKSIÐKUN	6
1.5	ÍPRÓTT SEM UNDIRBÝR OKKUR FYRIR LÍFIÐ.	7
2	SKAUTASAMBAND ÍSLANDS	8
2.1	GILDI OKKAR	8
2.1.1	<i>Siðareglur ÍSS</i>	9
2.1.2	<i>Starfsskilyrði í íþróttahreyfingunni</i>	10
2.2	STJÓRNSÝSLA OG ÁKVARÐANATAKA	10
2.2.1	<i>Skautapíng</i>	10
2.2.2	<i>Fjármál</i>	10
2.2.3	<i>Forgangsmál sambandsins:</i>	11
2.2.4	<i>Vefsíður</i>	11
2.2.5	<i>Samfélagsmiðlar og fréttir</i>	11
2.2.6	<i>Samskipti við ÍSS</i>	11
2.3	NEFNIR ÍSS	12
2.3.1	<i>Afreksnefnd:</i>	12
2.3.2	<i>Tækninefnd:</i>	12
2.3.3	<i>Mótanefnd:</i>	12
2.3.4	<i>Fræðslunefnd:</i>	12
2.3.5	<i>Laganefnd:</i>	12
2.3.6	<i>Aðrar nefndir:</i>	12
3	FÉLAG	13
3.1	HVAÐ ER ÍPRÓTTAFÉLAG?	13
3.1.1	<i>Stjórnin</i>	13
3.2	RÉTTINDI OG SKYLDUR FÉLAGSINS	14
3.3	TILLAGA AÐ SKIPULAGI STARFSEMINNAR	15
3.4	ÞJÁLFAVAR FÉLAGA	16
3.4.1	<i>Ráðningarsamningar þjálfara</i>	17
3.5	FORELDRAR FÉLAGA	17
3.5.1	<i>Foreldrafélag</i>	18
3.5.2	<i>Sjálfboðaliðar</i>	18
3.6	ÍÐKENDUR	18
3.6.1	<i>Félagsmenn búsettir erlendis</i>	19

3.7	TRYGGINGAR	19
3.8	SÍÐA- OG AGAMÁL	19
3.8.1	Áreitnis-, ofbeldis og eineltismál og forvarnir gegn þeim	19
3.9	FAGFÓLK ÍPRÓTTANNA	20
3.10	FJÁRMÁL	20
3.11	FYRIRMYNDARFÉLAG	20
4	TÍMABILID	21
4.1	KEPPNISTÍMABILID	21
4.2	PRÓF	21
4.2.1	Skautum regnbogann	21
4.2.2	Grunnpróf	1
5	KEPPNI	1
5.1	HVER GETUR SKIPULAGT KEPPNI?	1
5.2	HVERNIG ERU LISTSKAUTAR DÆMDIR?	1
6	NÁMSKEID FAGAÐILA	2
6.1	ÞJÁLFARI	2
6.2	DÓMARI	2
6.3	TÆKNISTJÓRNANDI (TC)	2
6.4	TÆKNISÉRFRÆÐINGUR (TS)	2
6.5	GAGNA-/MYNDBANDSSTJÓRI (DRO)	3
6.6	MÓTSSTJÓRN	3
7	AFREKSSTARF	3
7.1	AFREKSSTARF Í LISTSKAUTUM	3
7.2	AFREKSSTARF SYNCRO	4
8	ÍSTÍMAR	4
9	ÍSINN - FORSENDI ÍPRÓTTANNA	5
9.1	HVERNIG ER ÍSTÍMUM ÚTHLUTAD?	6
10	KEPPNI - BYRJA SMÁTT OG VAXA	7
10.1	HVER ERU SKILYRÐIN FYRIR KEPPNI Í SKAUTAHÖLLINNI?	7
10.2	ÍS UTAN ÍSHALLA - AÐ ÞORA AÐ HUGSA NÝTT	7
10.3	SKAUTAR - ÍPRÓTT FYRIR ALLA	8
11	SAGA OG ÞRÓUN	8
11.1	SAGA ÍPRÓTTANNA OG ISU	9
11.2	SAGA SKAUTAÍPRÓTTA Á ÍSLANDI	9
11.2.1	Tímalína skautaípróttar á Íslandi	9
12	DAGATAL SKAUTAÁRSINS	12

1. Hvers vegna handbók?

Megin tilgangur þessarar handbókar er að skýra starfsumhverfi skautafíprótta á Íslandi, sem og hvers er krafist af skautafélagi. Það eru ekki bara lög og reglur sem við verðum að taka tillit til - við sem vinnum að barna og unglingaíþróttum berum líka mikla ábyrgð sem stjórnendur. Við erum mikilvægar fyrirmyndir og þurfum að hafa að stefnu að leiðbeina iðkendum íþróttanna okkar í gegnum bernsku- og unglingsárin á sem bestan hátt.

Nauðsynlegt er að öll starfsemi í félagi miðist við [barnaréttindasjónarmið](#); hagsmunir barnanna eiga alltaf að vera í fyrirrúmi. Öll börn hafa sama rétt á þátttöku og ekki ætti að mismuna þeim. Börn eiga rétt á að þroskast út frá eigin forsendum og rétt til að segja hvað þau vilja. Það er ábyrgð fullorðinna að hlusta á þau og koma fram við þau af virðingu.

Það er í mörg horn að líta hjá þeim sem reka skautafélag. Það sama á við um flestar íþróttir þar sem öll starfsemi í dag er umtalsvert fagmannlegri og flóknari en áður á sama tíma og tíminn verður sífellt meira af skorum skammti og æ fleiri veigra sér við að vinna sjálfböðavinnu. Með hliðsjón af þessu var þessi handbók tekin saman með það að leiðarljósi að gera lífið aðeins auðveldara fyrir stjórnendur skautafélaga.

Vonin er, að þið sem lesið þessa handbók hafið hana til hliðsjónar í daglegu starfi þar sem þið getið fljótt flett upp upplýsingum og fengið svör við spurningum. Nánari upplýsingar á innihaldi þessarar handbókar er að finna hjá ÍSS og á vefsíðum ÍSÍ, ISU og Íþróttabandalaganna ÍBR og ÍBA.

Við erum mörg sem störfum fyrir íslensku skautafjölskylduna á mismunandi stigum og á mismunandi hátt - og við erum öll ómetanleg og afar mikilvæg fyrir íþróttina okkar! Það sem við þurfum öll að stefna að er að veita börnunum okkar og ungmennum góðan möguleika á íþróttaiðkun allan sinn feril. Það er þeirra vegna sem félagið ykkar er til.

Íþróttir verða að vera skemmtilegar, fjölbærar og taka mið af þroska einstaklingsins. Starfið þarf að fara fram í uppbyggilegu og öruggu félagslegu umhverfi með tilliti til reynslu iðkenda af æfinga- og keppnisstarfi. Það á að örva þroska og þróun hvers og eins og vonandi stuðla að ævilöngum áhuga á íþróttum sem skilar sem flestum til áframhaldandi starfa innan þeirra.

1.1 Íslenska íþróttahreyfingin


Íslenska íþróttahreyfingin samanstendur af rúmlega 150.000 iðkendum á öllum aldri sem tilheyra íþróttagreinum í um 35 mismunandi séríþróttasamböndum sem eru undir Íþrótt- og Ólympíusambandi Íslands – ÍSí. Sér samböndunum tilheyra svo íþróttabandalög sem hafa iðkendum í viðkomandi íþróttagreinum innan sinna vébanda í gegnum aðildarfélög.

Félagsfólk íþróttafélaga kys stjórnir félaganna til að sinna daglegum rekstri og fara með hagsmunamál fyrir þeirra hönd. Íþróttafélögin eru svo aðilar að íþróttabandalögum og/eða ungmennasamböndum sem svo aftur eru aðilar að sér samböndum.

Skautasamband Íslands heldur þing sitt árlega þar sem sameiginlegar áherslur skautaíþróttar eru ræddar sem og mikilvæg sameiginleg stefnumál.

Skautaping kys einnig stjórn Skautasambandsins og fær hver stjórnarmaður tveggja ára umboð við kosningu. Einungis er kosið um hluta stjórnar í einu svo tryggt sé að alltaf sitji reyndir aðilar við stjórnarborðið.

Skautasambandið er aðili að Alþjóðaskautasambandinu (ISU) og situr þing þess annað hvert ár sem og þing ÍSí sem einnig er annað hvert ár.



1.1.1 Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands (ÍSí)

ÍSí er regnhlífarsamtök íslenskra íþróttasambanda sem hafa það hlutverk að styðja, vera fulltrúi og leiða íslensku íþróttahreyfinguna á landsvísi og alþjóðlega. Það eru samtök sársambandanna í sameiginlegum málum, bæði á landsvísi og á alþjóðavettvangi og heldur utan um þátttöku Íslands á Ólympíuleikum og öðrum alþjóðlegum fjölíþróttaleikum. Skautasambandið lítur almennum reglum ÍSí.

1.1.2 Alþjóðaskautasambandið (ISU)

ISU er alþjóðasamband skautagreinanna; listskauta og skautahlaups. Skautasambandið lítur almennum og sérreglum ISU.

1.1.3 Íþróttabandalög

Eru svæðisstjórnendur íþróttanna innan sérstakra umdæma. Dæmi: ÍBR og ÍBA. Þau hafa yfir að ráða aðstöðumálum íþróttanna í sínu umdæmi og deila aðgengi að þeim eftir settum reglum.


1.2 Uppbygging skautaíþróttanna á Íslandi

Listskautar eru lífstílsíþrótt sem snertir öll skilningarvit og er í senn tæknilega háþróuð og líkamlega krefjandi.

Skautaíþróttir eru í stöðugri uppbyggingu á Íslandi. Skoðaðar eru leiðir til að skipuleggja iðkun þannig að auka megi fjölbreytni til að fleiri fái tækifæri til ástundunar mismunandi skautaíþróttanna, eins lengi og hægt er. Einnig er leitað leiða til að í boði sé að stunda skautaíþróttir án þess að einblína á keppnisþátttöku eða að stefnt sé á afreksíðkun í hinu hefðbundna félagsstarfi. Stefnumörkun hefur verið sett upp í [Stefnu ÍSí í almenningsíþróttum](#) sem og í [afreksstefnu ÍSí](#) þar sem sársambönd eru hvött til fjölbreyttra úrræða í fjölgun iðkenda m.a. í gegnum fjölbreyttara starf með fleiri en einni skautaíþróttagrein.

Breytingarnar í átt að þessu sem orðið hafa á síðari árum þýða samt ekki að keppnisþættirnir hverfi heldur að fókussinn hefur verið færður frá úrslitunum yfir á einstaklingsframmistöðu og þroska einstaklingsins innan íþróttanna. Þannig geta börn og ungmenni keppt á eigin forsendum en ekki okkar fullorðnu. [ÍSí hefur sett upp stefnu](#) þess efnis þar sem áhersla er lögð á að umgjörð íþróttanna sé með þeim hætti að börn og unglingar velji að stunda íþróttir eins lengi og kostur er.

Starf félaganna snýst um að skapa æfingarumhverfi fyrir iðkendur á sem flestum stigum. Algengustu þróunina innan listskauta má sjá hér að neðan;



Nánar er fjallað um sögu skautaíþróttanna alþjóðlega og á Íslandi í síðasta kafla þessarar handbókar.

1.3 Umhverfi barna og ungmenna í skautaíþróttum

Skautaíþróttir er þjálfun, leikur, keppni, hreyfing og sýning. Allir geta tekið þátt, það á að vera skemmtilegt og fjörugt, öllum á að líða vel. Keppnir eru í boði, fyrir flesta hópa. Við erum með samfélag sem stuðlar að persónulegum þroska og góðri heilsu.

Ef við kennum íþróttafólkinu okkar að bera sig fyrst og fremst saman við sjálft sig, eiga fleiri auðveldara með að upplifa jákvæðar tilfinningar og hugsanir sem tengjast skautaíþróttum og ná þannig að viðhalda gleðinni, áhuganum og lönguninni til að halda áfram að þroskast sem íþróttafólk.

Rannsóknir sýna greinilega að það gagnast ekki þroska barna og ungmenna að hafa niðurstöðulista til að þau þróist sem íþróttafólk. Það leiðir frekar til þess að þjálfarar/foreldrar hafi tilhneigingu til að þrýsta á skautara á yngri árum til að ná árangri, sem þýðir að mörg börn og ungmenni missa áhugann, gleðina og viljann til að stunda íþróttir.

Það var árið 2019 að hætt var að birta niðurstöður yngstu keppendanna á öllum mótum og gagnger endurskoðun átti sér stað á gamla "Stjörnukerfinu" svokallaða og nýtt kerfi tekið upp, [Félagalínukerfið](#). Var þetta m.a. gert til að mæta betur [fyrirmælum ÍSÍ um barna- og unglingaíþróttir](#).


Íþróttir barna eiga að snúast um leik og þroska. Því ætti að meta frammistöðu barna í samhengi við þeirra persónulega þroska. Börn eiga að sjálfsögðu rétt á að vita hvernig hefur gengið hjá þeim í keppni en árangur þeirra ætti fyrst og fremst að vera í tengslum við eigin þroska en ekki annarra.

1.4 Leiðin að afreksiðkun

Stöðug umræða er í gangi á Íslandi um þróun skautaíþróttar og hvernig félög og ÍSS geti lagað starfsemi sína að þörfum barna á sama tíma og að byggja upp íþróttafólk sem skarað getur fram úr og orðið afreksfólk framtíðarinnar á alþjóðlegum vettvangi.

Ekki er sjálfsagt að allir sem stunda íþróttagrein lengi verði afreksíþróttamenn. Margir mismunandi þættir þurfa að spila saman og þeir sem velja að reyna þá leið þurfa að færa fórnir í félags, mennta og/eða atvinnulífinu þar sem oft þarf að láta íþróttirnar ganga fyrir öllu öðru. Mikilvægt er að þeir sem fara þessa leið hafi gott bakland í félagi sínu, foreldrum og nærumhverfi eins og skóla eða vinnu.

Í þráðanum hér að neðan má sjá áætlaðar, eðlilegar fjöldataölur á Íslandi í hverjum hópi innan listhlaups. Á einstaka tímamarki geta verið fleiri eða færri innan hvers hóps og er áætlunin unnin út frá meðaltali.



1.5 Íþróttir sem undirbýr okkur fyrir lífið.

Íþróttir framtíðarinnar verða að vera móttækilegar og mótast af þeim breytingum sem verða á samfélaginu. Íþróttir eiga að halda okkur að hreyfingu alla ævi, en undanfarin ár höfum við séð að börn og ungmenni sem hætta ástandun rata flest ekki aftur í íþróttir seinna meir. Á sama tíma finnst mörgum fullorðnum að þröskuldar félagslífsins séu háir. Það þarf að vera hægt að stunda íþróttir á nokkra mismunandi vegu og félögin okkar verða að vera betri í að koma til móts við mismunandi þarfir fólks þannig að fleiri finni sig velkomna á eigin forsendum.

Það hefur einnig sýnt sig að íþróttaiðkun barna og ungmenna minnkar verulega líkur á misnotkun ávana- og fíkniefna og stuðlar að heilbrigðu líferni fyrir lífstíð.

Ný sýn á þjálfun og keppni er farin að festast í sessi á öllum stigum þar sem sífellt fleiri líta á íþróttir sem undirbúning fyrir lífið. Þar leggjum við góðan grunn þar sem einblínt er á einstaklings þroska í stað árangurs.

Íþróttastarf kennir ungu fólki skipulag, forgangsriðun, trú á sjálfan sig, aðlögunarhæfni, samfélagsfærni og metnað. Allir þessir þættir skila sér til langframa í líf þess sem iðkað hefur íþróttir og hann býr að þessari reynslu sinni til æviloka.

**SKAUTAR FYRIR ALLA!
SKAUTAR FYRIR LÍFSTÍÐ!**

2 Skautasamband Íslands

Skautasamband Íslands (ÍSS) er aðili að Íþróttta- og Ólympíusambandi Íslands (ÍSÍ), og Alþjóða skautasambandinu (ISU) og fer eftir reglum og leiðbeiningum þessara samtaka. ÍSS hefur einnig sínar eigin reglur sem ná yfir alla sem eru virkir í íslensku skautasamfélagi.

ÍSS hefur einnig skýrar siðareglur fyrir alla sjálfboðaliða, starfsfólk, launþega, kjörna fulltrúa og nefndarfólk sem starfar innan skautaiþróttta og í tengslum við viðburði innan miðlægrar starfsemi ÍSS. Stefnan gildir einnig um þjálfara og skautara innan félaganna og taka þátt í viðburðum hvort sem er á vegum ÍSÍ, ÍSS eða félaga sinna. Siðareglurnar byggja meðal annars á siðareglum ISU og siðareglum ÍSÍ og öðrum algengum stjórnar skjölum í íslenskum íþróttum.

2.1 Gildi okkar

Það er gífulega mikilvægt í starfsemi skautaiþróttta að þar starfi einstaklingar af heilindum sem standa vörð um uppbyggingu skautaiþróttta og íþróttafólksins innan þeirra.

Íþrótttaumhverfið á Íslandi treystir á að allir sem koma að starfseminni geri slíkt af heilindum og hafi þær reglur sem íþróttahreyfingin setur að leiðarljósi í öllu starfi sínu.

Í [Æskulýðslögum](#) stendur orðrétt

„Tilgangur laga þessara er að styðja börn og ungmenni til þátttöku í æskulýðsstarfi. Með æskulýðsstarfi er átt við skipulagða félags- og tómstundastarfsemi þar sem börn og ungmenni starfa saman í frístundum sínum að hugsjónum, markmiðum og áhugamálum sem þau sjálf meta að verðleikum. Í skipulögðu æskulýðsstarfi skal hafa í huga félags-, forvarna-, uppeldis- og menntunarlegt gildi þess sem miðar að því að auka mannkosti og lýðræðisvitund þátttakenda. Í öllu starfi með börnum og ungmennum skal velferð þeirra höfð að leiðarljósi og þau hvött til frumkvæðis og virkrar þátttöku. Lögin miðast við æskulýðsstarf fyrir börn og ungmenni, einkum á aldrinum 6–25 ára.“

Samtök íþróttagreina hafa öll siðareglur og hegðunarviðmið sem öllum innan íþróttta ber að fara eftir.

Siðareglur ISU, [ISU Code of Ethics](#)

[Siðareglur og Hegðunarviðmið ÍSÍ](#) má finna bæði á íslensku og ensku.

2.1.1 Siðareglur ÍSS

- Lestu og kynntu þér reglur ÍSS og láttu framkomu og hegðun endurspegla þær.
- Hafðu að leiðarljósi heiðarleika, hlutleysi og sanngirni í samskiptum.
- Sýndu fordæmi með íþróttamannslegri hegðun og gagnkvæmri virðingu.
- Á íþróttaviðburði er óheimilt að:
 - – Neyta eða hafa í fórum sér fíkniefni
 - – Taka beint eða óbeint þátt/aðstoða við brot á lyfjareglum eða annarri brotlegri hegðun. Með slíkri hegðun er komið óorði á skautaiþróttir og sýnir að auki ungum einstaklingum slæmt fordæmi.
- Sýndu ávallt virðingu gagnvart skauturum, þjálfurum, sjálfboðaliðum og starfsfólki. Meirihluti iðkenda er á mótunarárum sínum og skal því hafa aðgát í nærveru sálar að leiðarljósi.
- Verandi hluti af íþróttaviðburðum tekur viðkomandi þátt í mótun og ímynd skautaiþróttar út á við og skal því haga sér eftir því. Viðkomandi gerir sér grein fyrir að hvort heldur sem jákvæð eða neikvæð orðræða og hegðun þ.m.t. á samfélagsmiðlum hefur áhrif á ímynd skautaiþróttar.
- Ekki skal misbjóða virðingu og sanngirni einstaklinga á forsendum kynferðis, þjóðernis, kynþáttar, litarhafts, menningar, tungumáls, trúarbragða, kynhneigðar og skoðana.
- Með öllu er óheimilt að taka við eða gefa gjafir ef verðmæti þeirra er umfram það sem eðlilegt getur talist. Að sama skapi er ekki heimilt að þiggja gjafir í skiptum fyrir greiða sem af hlýst brot á siðareglum.
- Óheimilt er að stunda veðmál í tengslum við keppnishald eða viðburði sem tengjast skautaiþróttum.
- Sýndu hlutleysi í samskiptum. Komi upphagsmunaárekstur vegna máls sem tengist beint persónulegum málum skal viðkomandi draga sig úr umræðu, mati eða kosningu þess málefnis sem um ræðir.
- Misnotaðu ekki stöðu þína og vald. Hvers kyns ofbeldi, andlegt, líkamlegt eða kynferðislegt, verður ekki liðið.
- Sérfræðingum innan ÍSS er heimilt að taka þátt í opinberri umræðu í fjölmiðlum ef umfjöllunin er hluti af stærri viðburði sem og ef viðkomandi gerir sér grein fyrir að mikilvægt er að ræða skautaiþróttir í jákvæðu og uppbyggilegu ljósi á hlutlausan hátt þar sem þess er gætt að ekki halliar á einn fremur en annan.
- Sem fulltrúi ÍSS og skautaiþróttar almennt gerir viðkomandi sér grein fyrir að gerist hann brotlegur á siðareglum ÍSS getur það haft áhrif á mat til frekara samstarfs.

2.1.2 Starfsskilyrði í íþróttahreyfingunni

Þeir einstaklingar sem starfa í íþróttahreyfingunni þurfa að gangast undir vissar kröfur.

[ÍSí setur lög](#) um starfsumhverfi í íþróttahreyfingunni sem öllum ber að fara eftir og er lagaklausan hér að neðan tekin beint úr [Íþróttalögum](#). Einu gildir hvort viðkomandi er iðkandi, afreksmaður, stjórnarmaður, þjálfari, starfsmaður á panel eða sjálfboðaliði. Í hreyfingunni er það ótækt að þessir aðilar hafi hlotið refsídóma er hugsanlega geta ógnað öryggi iðkenda.

„Óheimilt er að velja einstaklinga sem vitað er til að hafi hlotið refsídóma vegna brota á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940 til starfa innan íþróttahreyfingarinnar. Þetta gildir bæði um þá einstaklinga sem starfa sem sjálfboðaliðar og launþegar. Sama gildir um þá sem hlotið hafa refsídóm fyrir brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni, nr. 65/1974, á síðastliðnum fimm árum.“

Klausan í lögum ÍSí nær yfir starfsmenn og sjálfboðaliða félaga þótt hún standi ekki í lögum viðkomandi félags.

2.2 Stjórnsýsla og ákvarðanataka

Skautasambandinu er stýrt af stjórn sem samanstendur af fjórum (4) fulltrúum auk eins (1) formanns. Auk þeirra eru kosnir tveir (2) varamenn.

Allt stjórnarfólk eru kosið til tveggja (2) ára, formaður er kosinn sér til tveggja (2) ára. Samþykktir stjórnarinnar mynda burðarás í starfsemi sambandsins. Þær eru reglulega endurskoðaðar eftir því sem umheimurinn og aðstæður breytast. Skautaþing er æðsta úrskurðarvald laga sambandsins og er haldið ár hvert. Atkvæðisrétt á þingi hafa skautafélög (í gegnum íþróttabandalögin) sem staðið hafa við skyldur sínar á réttum tíma (skilað starfsskýrslum). Um skyldur ÍSS má lesa í [lögum ÍSS](#) á heimasíðunni.

Nú eru fimm (5) mismunandi nefndir starfandi innan ÍSS sem bera ábyrgð á hinum ýmsu starfssviðum ÍSS. Hægt er að kynna sér nánar hvað hver nefnd gerir/ber ábyrgð á, í [Reglugerðum ÍSS](#). Stjórn setur nefndarformenn sem finna svo aðra nefndarmenn í samráði við stjórn.

Framkvæmdastjóri er starfandi á skrifstofu. Viðvera hans er auglýst á heimasíðu ÍSS. Að auki er afreksstjóri í hlutastarfi og bókari starfandi við sambandið.

2.2.1 Skautaþing

Er haldið einu sinni á ári í apríl eða maí. Þingið er aðalfundur ÍSS og aðildarfélaga þess. Á þinginu leggur stjórn ÍSS eða félögin fram tillögur um áframhaldandi stefnu fyrir komandi tímabil sem og fjárhagsreikninga og áætlanir. Sambandinu stýra annars vegar kjörin stjórn ÍSS og hins vegar skautaþingið. Saman marka þau stefnu skautamála á Íslandi.

Atkvæðafjöldi hvers aðildarfélags á þingi er stjórnað af iðkendafjölda hvers félags með iðkendur innan þeirra íþróttar er tilheyra ÍSS.

2.2.2 Fjármál

Rekstur ÍSS byggist á styrkjum sem gagnert eru til rekstrar afmarkaðra þátta í starfsemi sambandsins s.s. rekstrar- og útbreiðslustyrkir ÍSí og ISU. Styrkirnir eru ýmist til reksturs skrifstofu og fjármögnun verkefna til að fjölga íþróttagreinum innan skautanna og iðkendum þeirra.

Afreksstyrk fær ÍSS úr Afreksjóði ÍSí og miðast hann við tiltekin verkefni innan afreksmála og stöðu afreksfólks á alþjóðagrundvelli.

ÍSS fær tekjur af lottó líkt og aðildarfélögin

ÍSS sækir einnig um sérstaka styrki fyrir sérverkefni úr ólíkum sjóðum.

ÍSS kynnir ársreikning sinn á skautabingi ásamt fjárhagsáætlun komandi árs.

2.2.3 Forgangsmál sambandsins:

- að kynna skautaíþróttir á Íslandi og þarfir þeirra
- tryggja öruggt umhverfi í skautasamfélaginu á Íslandi
- að stuðla að vexti skautaíþróttar og að fleiri dvelji lengur í skautaíþróttum
- gefa fólki tækifæri til að þroskast, óháð getu og metnaði
- þjálfa/efla bæði þjálfara, skautara og félög
- fjölga starfsfólki panels
- að fá fleiri skautasvelli / skautahallir / lengra æfingartímabil
- stuðla að þátttöku fleiri stráka / karla
- markaðssetja íþróttina og fjölga styrktaraðilum
- þróa skautaíþróttir á Íslandi og stuðla að upptöku nýrra greina
- halda alþjóðleg mót

2.2.4 Vefsíður

Vefsíðan www.iceskate.is er aðal upplspretta fyrir upplýsingar um skautaíþróttir á Íslandi sem og heimasíða [Alþjóðaskautasambandsins](#).

Gerðu það að venju að heimsækja vefsíðu ÍSS að minnsta kosti einu sinni í viku til að lesa fréttir eða aðrar tilkynningar. ÍSS heldur einnig úti Facebook og Instagramsíðu þar sem deilt er efni er varðar íslensku skautafjölskylduna heima og að heiman.

ÍSS minnir einnig miðlæga efnisveitu fyrir stjórnendur félaga þar sem finna má greinargóðar upplýsingar um mótahald, grunnpróf og dómaramál. Einnig er bent á mikilvægi þess að senda tölvupóst ef upp vakna spurningar eða önnur mikilvæg atriði. Allar upplýsingar um tölvupósta má finna á heimasíðu ÍSS.

Einnig er mikilvægar upplýsingar að finna á heimasíðum Íþróttabandalaganna og ÍSí.

2.2.5 Samfélagsmiðlar og fréttir

Nú á tímum samfélagsmiðla komast fréttir og upplýsingar til neytenda næstum samstundis og þær eiga sér stað. ÍSS vill ítreka að siðareglur eiga við alla samfélagsmiðla og íslenska skautasamfélagið að hafa þær til hliðsjónar þegar það birtir fréttir eða setur inn athugasemdir á samfélagsmiðlum.

ÍSS sér um fréttatilkynning af viðburðum á þeirra vegum heima og að heiman. Fréttir um met og afrek þurfa staðfestingar viðkomandi fagaðila innan ÍSS. ÍSS sendir einnig fréttatilkynningar til fjölmiðla með réttum og staðfestum upplýsingum. Öllum er frjálst að deila fréttum ÍSS eftir að þær hafa verið birtar og met og afrek staðfest.

ÍSS hefur [myndasíðu](#) með myndum af keppendum í ISU flokkum sem notaðar eru með fréttatilkynningum til fjölmiðla og til auglýsinga. Öllum er frjáls notkun á myndunum gegn því að geta hvaðan þær koma.

2.2.6 Samskipti við ÍSS

Samskipti við Skautasambandið fara fyrst og fremst fram í gegnum tölvupóst. Starfsfólk á skrifstofu sinnir einnig fundarsetu á vinnutíma og erindum utan skrifstofu þannig ekki er hægt að gera ráð fyrir að skrifstofa sé opin. Hægt er að bóka viðtalstíma við framkvæmdastjóra eða formann stjórnar og má gera ráð fyrir að slíkir fundir séu yfir netið.

Allar nefndir hafa tölvupósta og fara samskipti fram í gegnum formenn nefnda. Leita má ráðgjafar um málefni er varða starfssvið viðkomandi nefnda með því að senda tölvupósta.

2.3 Nefndir ÍSS

ÍSS hefur fastanefndir skv. lögum ÍSS er starfa að afmörkuðum málum er heyra undir sérsvið viðkomandi nefndar.

2.3.1 Afreksnefnd:

Sér um afreksstarf ÍSS. Þetta felur meðal annars í sér að útbúa afreksverkefni, ákveða viðmið, fylgjast með / styðja við afreksskautara, skipuleggja og útfæra afreksæfingabúðir og velja skautara á alþjóðlegar keppnir og meistaramót. [Netfang Afreksnefndar](#)

2.3.2 Tækninefnd:

Tækninefnd ber ábyrgð á keppnis- og prófareglum. Nefndin fer einnig yfir protocol sem meta skal til meta, prófa eða viðmiða. Auk þess ber nefndin ábyrgð á handbókum, skjölum og leiðbeiningum fyrir starfsfólk panels. [Netfang Tækninefndar](#)

2.3.3 Mótanefnd:

Heldur utan um mótahald og regluverk þess og sér um uppfærslu og setningu reglna á mótahaldi í formi leiðbeininga og handbóka um mótahald. Mótanefnd sér um framkvæmd ÍSS móta og tekur á móti skýrslum mótisstjóra allra móta á Íslandi og kemur með ábendingar eftir þörfum. [Netfang Mótanefndar](#)

2.3.4 Fræðslunefnd:

Hlutverk fræðslunefndar er að þróa, skipuleggja og útfæra fræðslustarf félagsins og koma á fót og viðhalda fræðsluáætlunum í almennri fræðslu skautaiþróttar og þjálfunar. Fræðslunefnd sér um námsskrá þjálfaranáms, heldur sérgreinánámskeið fyrir þjálfaraefni og heldur utanum kennslukerfi skautum regnbogans og upplýsingahluta grunnprófa. [Netfang Fræðslunefndar](#)

2.3.5 Laganefnd:

Laganefnd sér um lög og reglugerðir ÍSS og sér til þess að þau séu í samræmi við það regluverk sem ÍSS starfar eftir. Nefndin yfirfer einnig allt regluverk ÍSS og samræmir og leiðréttir þar sem við á. [Netfang Laganefndar](#)

2.3.6 Aðrar nefndir:

Að auki starfa bæði Siðanefnd og Kjörnefnd tímabundið eftir þörfum skv. Reglugerð þar um. Stjórn getur einnig sett á laggirnar vinnuhópa eða ráðgefandi starfshópa um einstaka málefni gerist þess þörf. Netföng nefndanna má finna á heimasíðu ÍSS eða með að senda tölvupóst á [skrifstofu](#).

3 Félag

Mál sem varða starfsemi og ábyrgð félaga eru aðalumfangsefni þessarar handbókar - það er marga sem þarf að fylgjast með.

Hvert félag rekur fyrirtæki er byggir á hagsmunum félagsmanna. Sum félög leggja áherslu á sem breiðastan iðkendahóp og/eða víðtæka starfsemi í einni eða fleiri skautagreinum meðan önnur hafa að markmiði að stefna á þróun, uppbyggingu og afreksstarf í aðeins einni grein. Þó er bent á að fjölbreytileiki í rekstri félaga tryggir frekari afkomu þess eftir því sem iðkendur færast milli getustiga eða langar að breyta til úr einnig skautaiþrótt í aðra. Með því að bjóða upp á fleiri en eina grein eigum við meiri möguleika á að halda íþróttafólkinu okkar í skautahöllinni.

3.1 Hvað er íþróttafélag?

Íþróttaiðkun stuðlar að góðri heilsu og skemmtilegum félagsskap. Lýðæðisform íþróttasamfélagsins gefur félögunum tækifæri til að setja upp eigin umgjörð um rekstur sinn.

Hvernig félag á að vera rekið eða hvert það stefnir í starfsemi þess er ekki sett í lög en félögum ber skylda til að huga vel að daglegum rekstri og rekstrarumgjörð og að hvort tveggja falli að því sem gengur og gerist í sambærilegum félögum og stangist ekki á við reglur íþróttahreyfingarinnar.

Félagsmenn eru kjarni þess og á aðalfundi leggur línur um hvernig starfsemi félagsins fer fram og velur stjórn sem síðan sér um daglegan rekstur. Í skautafélagi eru það skautararnir sem eru kjarninn og hagsmunir þeirra verða að endurspeglast í ákvarðanatökum starfseminnar. Mikilvægt er að félagsmenn séu þátttakendur í aðalfundi og taki afstöðu um rekstur félagsins á þeim vettvangi.

Samsetning stjórnar getur litið misjafnlega út.

3.1.1 Stjórnin

Meginhlutverk stjórnar félags er að stýra starfseminni í samræmi við vilja félagsmanna eins og fram kemur í lögum félagsins, fundarsamþykktum, samþykktri stefnu og markmiðum. Þá skal leitast við að byggja upp og viðhalda heilbrigðum og jákvæðum félagsanda í félaginu.

Stjórn skal skipuð formanni og almennum stjórnarmönnum, oftast fjögurra (4).

Stjórnin skal skipta með sér embættum s.s. varaformanni og öðrum embættum. Stjórn skal einnig hafa varamenn. Hætti stjórnarmeðlimur, kemur varamaður í hans stað að fram að næsta ársfundi.

Stjórn félags á að tryggja umgjörð starfseminnar og sjá til þess að félagsmenn þess og starfsmenn fari að siðareglum og gildum sambandsins og félagsins.

Stjórn sér jafnframt um að vinna að því að fá ístíma út frá þörfum félaganna og að samstarfið gangi vel bæði með íþróttayfirvöldum og öðrum skautafélögum.

Huga þarf að því að markaðssetja skautaiþróttir í nærumhverfi félagsins með auglýsingum, tækifærum í fjölmiðlum, á sviði stjórn mála og fyrirtækja, og upplýsa um starfsemina og þarfir félagsins.

Ábyrgð stjórnar

Stjórn er kosin af félagsmönnum á aðalfundi félagsins sem með kjöri sínu hafa skuldbundið sig til að bera ábyrgð á og halda utan um stjórnun félagsins. Stjórn skal huga sérstaklega að eftirfarandi atriðum:

- Fara eftir gildandi lögum og reglum.

- Framkvæma ákvarðanir sem teknar eru á ársfundi.
- Skipuleggja, leiða og framkvæma starf og samþykktir félagsins.
- Bera ábyrgð á og stýra sjóðum félagsins.
- Tryggja að siðareglum sé fylgt af starfsmönnum og félagsmönnum.

Það er á valdi hvers og eins stjórnarmanns að rækja erindi sitt rétt, dyggilega og vandlega.

Stjórn félags ber að vinna að því að félagsmenn búi við öruggt íþróttumhverfi, starfi út frá barnaréttindasjónarmiðum og að hagsmunir iðkenda séu í fyrirrúmi þegar ákvarðanir eru teknar um starfsemina.

Hún ber einnig ríka ábyrgð á að tryggja að hvers konar ofbeldi þrífist ekki innan félagsins og að taka á málum með hagsmuni félagsmanna að leiðarljósi. Stjórn félags er skyldugt að tilkynna ofbeldismál til viðeigandi aðila. Tilkynna má mál til siðanefndar ÍSS eða samskiptafulltrúa íþróttahreyfingarinnar allt eftir eðli málsins. Kynferðisbrot eða grun um kynferðisbrot á alltaf að tilkynna til lögreglu.

Allir aðilar í starfsemi íþróttahreyfingarinnar lúta [hegðunarviðmiðum](#) hennar hvort sem þeir eru stjórnendur, iðkendur, þjálfarar, foreldrar eða sjálfboðaliðar og er það ábyrgð stjórnar að þeim sé fylgt.

Bent er á að hegðunarviðmiðin eru í fullu gildi á öllum viðburðum skautaíþróttar og grípa á samstundis inn í óæskilega hegðun gesta á viðburðum komi slíkt upp.

Verkefni stjórnar má t.d. nefna:

- Að setja fram áætlanagerð fyrir almenna starfsemi og framkvæmdir til lengri og skemmri tíma.
- Að móta hugmyndir og tillögur um ný viðfangsefni.
- Að leysa vandamál sem upp kunna að koma.
- Að framfylgja samþykktum og ályktunum.
- Að fylgjast með að áætlanir og fjárhagur haldist í hendur.
- Að taka á móti erindum sem berast og afgreiða þau.
- Að undirbúa fundi og boða til þeirra.
- Að skipta verkum með einstökum stjórnarmönnum, nefndum, starfsmönnum, félagsmönnum, sjálfboðaliðum og samræma störf þeirra.

Stjórn ber að halda fundargerðir yfir stjórnarfundi.

3.2 Réttindi og skyldur félagsins

Öll aðildarfélög ÍSS greiða aðildargjald einu sinni á ári. Að auki greiðir hver og einn iðkandi gjald, iðkendagjald, sem félagið innheimtir og skilar til ÍSS. Félag þarf einnig að standa skil á ársskýrslum sínum skv. reglum ÍSÍ.

Aðildarfélag hefur:

Seturétt á skautapingi ÍSS.

Aðgang að prófa- og keppniskerfi ÍSS.

Aðgang að mótum og námskeiðum á vegum ÍSS.

Aðildarfélag hefur eftirfarandi grunnskyldur:

Félaginu ber að greiða aðildargjald ÍSS árlega.

Félaginu ber að innheimta iðkendagjald af félagsmönnum sínum og skila til ÍSS árlega.

Félagið skal, skv. lögum, skila ársskýrslu til ÍSÍ og ÍSS eigi síðar en 15. apríl ár hvert.

Félaginu ber að upplýsa starfsmenn sína og félagsmenn um siðareglur skautaíþróttar og ber ábyrgð á því að þeim sé fylgt innan starfsemi félagsins.

3.3 Tillaga að skipulagi starfseminnar

Það er ekki gefið hvernig starfsemi skautafélags ætti að vera uppbyggð. Skipta má undirbúningi og ábyrgð milli stjórnarmeðlima eftir þörfum hver félags og hve umfangsmikil starfsemin er.

Eðlilegt er að formaður sjái um samskipti út á við og sé höfuð stjórnar. Í flestum tilfellum stýrir hann fundum eða varaformaður í hans stað. Varaformaður tekur einnig við starfsskyldum formanns í hans fjarveru. Gjaldkeri sér um fjármál félagsins og getur fengið sér til aðstoðar aðra stjórnarmeðlimi t.d. vegna styrkumsókna eða fjáraflana. Varamenn sem kosnir eru samhliða stjórn taka sæti í forföllum aðalmanna og því mikilvægt að þeir séu virkir í starfi stjórnar svo þeir séu vel upplýstir þegar þeir taka sæti.

Algeng atriði í rekstri félags:

Utanumhald keppnisskautara: Halda utan um stundatöflu, hópaskiptingu, keppnisdreifingu /skipulagningu, skrá í keppnir, skipuleggja próf o.fl. Oft er þetta á ábyrgð yfirþjálfar eða skautastjóra, starfi slíkur hjá félaginu. Mælt er með að minnst tveir (2) menn úr stjórn séu tengiliðir varðandi skipulagningu þjálfunar í félaginu. Þetta er til þess að tryggja að ársáætlun sem ársfundur félagsins hefur ákveðið, sé fylgt og farið sé eftir þeim reglum og gildum sem eru í félaginu.

Skautaskóli: Gott er að sérstakur aðili sjái um skautaskóla og aðra byrjendur, eða styttri komna iðkendur félagsins. Auglýsa þarf starfsemi þess og viðhalda áhugasömum börnum (og tryggja þannig afkomu félagsins), skipuleggja hópa, gera stundaskrár og áætlanir. Upplýsa þarf börn / foreldra hvað felist í að æfa skauta. Þessi hluti getur einnig fallið undir starfsskyldur yfirþjálfara eða skautastjóra.

Frístundaskautarar: Eru þeir skautarar sem eru þeir iðkendur er óska að iðka íþróttir án keppnisálags. Hópnum tilheyra einnig eldri skautaskólaiðkendur og fullorðinshópar sem tómstundaiðkendur. Þessir hópar falla oft undir skautaskóla en þó án þeirrar yfirumsjónar er þörf er á vegna Skautum Regnbogans kerfisins.

Keppnir og sýningar: Hvert félag þarf að hafa mótsstjóra sem tekur að sér skipulagningu og utanumhald þeirra móta sem haldin eru í félaginu. Einnig þarf að skipuleggja sýningar og keppnisferðir.

Skautastjóri: Getur verið staða sem starfandi þjálfari gegnir eða ófaglærður aðili. Skautastjóri getur verið tengiliður stjórnar og þjálfara við foreldra. Hann getur komið að stundartöflugerð, aðstoðað við samskipti, skipulagt próf og keppnir, haft yfirsýn yfir viðveru þjálfara og annarra starfsmanna, sinnt léttum skrifstofustörfum og séð til þess að þjálfarar og félagsmenn fylgi reglum íþróttahreyfingarinnar.

Fjárhagur: Stjórn félags þarf að gæta vel að fjármunum félagsins og fylgja fjárhagsáætlun. Gjaldkeri stjórnar sér um að reikningar séu greiddir og staðið sé við fjárhagsskuldbindingar. Stjórn verður einnig

að reyna að verða sér út um styrki til reksturs eða verkefna ef innkoma félagsins er ekki nægileg fyrir verkefni þess. Gjaldkeri félagsins getur haft yfirumsjón með þessum verkefnum eða foreldrafélag.

3.4 Þjálfarar félaga

Stjórn ber ábyrgð á og er vinnuveitandi þeirra þjálfara sem eru ráðnir hjá félaginu og því er eindregið mælt með því að hún kynni sér réttindi og skyldur vinnuveitenda.

Mælt er með að minnst tveir (2) menn í stjórn séu tengiliðir varðandi starfskjör og skipulagningu þjálfunar í félaginu. Þetta er til þess að tryggja að kostnaður vegna þjálfunar fylgi fjárhagsáætlun sem ársfundur hefur ákveðið og þjálfarar þekki vel þær reglur og gildi sem eru í félaginu.

Greiða þarf opinber gjöld í samræmi við gildandi lög þar sem mismunandi starfsform krefst mismunandi ábyrgðar. Sem stendur eru engir opinberar launaflokkar fyrir skautaðþjálfara en leita má til ÍSS eftir ráðleggingum um launakjör.

Miða skal við menntun, aldur og starfsreynslu við ákvarðanatöku taxta og einnig hvort viðkomandi verði í ábyrgðarstöðu sem þjálfari. Slíkt er einnig hvetjandi fyrir þjálfara að sækja sér menntun sem gerir þá betur búna til að takast á við það starf sem þeir eiga að sinna.

Félag þarf að hafa í huga að þeir þjálfarar sem ráðnir eru til starfa í félaginu hafi til þess tilskilin réttindi og menntun. Finna má reglur um þetta í reglugerðum ÍSS og [Stefnu ÍSÍ um þjálfaramenntun](#). Allir starfandi þjálfarar hjá aðildarfélögnum ÍSS skulu hafa menntun við hæfi.

Til umhugsunar:

Þegar félag ræður þjálfara er mikilvægt að væntingarnar séu skýrar. Það sem hafa þarf í huga:

- Hvaða þarfir höfum við sem félag?
- Hvaða eiginleika þjálfara metum við mest?
- Hvaða hæfni er krafist fyrir félagið okkar?
- Hvernig líta áherslur okkar og gildi út?

Einnig má hafa í huga að bjóða ekki þjálfurum upp á starfsumhverfi sem ekki væri boðlegt innan annarra starfsstétta þótt vinnutími þjálfara sé utan hefðbundins vinnudags.

Þetta þarf að koma fram í auglýsingu og hafa í huga í gegnum ráðningarferlið og þegar farið er í samningaviðræður og ráðningu þjálfara.

Í ráðningarferlinu er mjög mikilvægt að fara mjög vel í öflun upplýsinga um umsækjendur.

Nauðsynlegt er að kanna meðmæli og reyna eftir öllum leiðum að afla upplýsinga er styðja ferilskrá umsækjanda til að fá sem besta mynd af viðkomandi. Góð menntun er nauðsynleg og við ráðleggjum þér að hafa samband við að minnsta kosti tvo meðmælendur frá fyrri vinnuveitendum þjálfara áður en þú gerir samning.

Við mælum einnig með því að þú kannir hvort viðkomandi geti útvegað sakavottorð. Ekki má ráða starfsmenn til félaga sem hlotið hafa refsidóma í kynferðisafbrotamálum og refsidómar í fíkniefnamálum þurfa að vera amk. 5 ára gamlir.

3.4.1 Ráðningarsamningar þjálfara

Nauðsynlegt er að gera samning við alla starfandi þjálfara félagsins hvort sem þeir eru launþegar eða verktakar.

Í ráðningarsamningi þarf að koma fram hverjar skyldur þjálfarans eru, hvað felst í starfi hans, kjör og aðrar óskir félagsins um t.d. símenntun og námskeið. Siðareglur íþróttahreyfingarinnar þurfa að vera í

undirrituðum samningi svo ljóst sé að þær hafi verið kynntar viðkomandi og að hann skuldbindi sig til að fara eftir þeim.

Einnig getur verið gott að hafa gagnkvæmt riftunarákvæði.

Atriði sem vert er að hafa í huga við gerð ráðningarsamnings:

- Gildistími samnings og hvort hluti hans sé reynslutímabil
- Útlistun á ábyrgð og starfslýsing ásamt áætlun vinnustunda per viku
- Laun
- Launauppbót (t.d. húsnæðisstyrkur, afnot af bifreið, síma, flugmiði/ar o.þ.h.)
- Siðareglur
- Riftunarákvæði
- Ákvæði um keppnisferðir með skauturum félagsins og hvað felst í þeim
- Frítími
- Orlof eða greitt sumarfrí
- Þátttöku í verkefnum félagsins og ÍSS utan venjubundins starfstíma
- Ákvæði um skyldu þátttöku viðkomandi í símenntun skv. Reglugerð ÍSS nr. 365

Allir ráðningarsamningar þurfa að vera undirritaðir bæði af þjálfaranum sem og fulltrúa félagsins og þurfa báðir aðilar að eiga undirritað eintak í fórum sínum. Að öðrum kosti eru þeir tilgangslausir.

Geti þjálfari sem hefur verið starfandi erlendis ekki útvegað fullnægjandi gögn s.s. sakavottorð getur félagið haft ákvæði í ráðningarsamningi um að reynist eitthvað í gögnunum ábótavant eða stríðir gegn reglum íþróttahreyfingarinnar geti félag umsvifalaust rift samningnum.

3.5 Foreldrar félaga

Íþróttirnar reka margir góðir og samviskusamir foreldrar sem vinna í þágu hreyfingarinnar. Þessir foreldrar eru ómetanlegir og lífsnauðsynlegir fyrir félögin. Sumir taka þátt í stjórnnum aðrir í öðrum tímabundnum verkefnum.

Stjórnir félaga þurfa að vera duglegar að halda upplýsingum að foreldrum iðkenda félagsins. Því betur upplýstir sem allir eru því auðveldara er að fá fólk til starfa.

Það er mikilvægt að foreldri skilji að skautarinn sjálfur verður að setja sinn hraða innan íþróttta. Gleði og þroski er fyrir öllu í skautaiþróttum og að iðkandi fari glaður af ís ætti að vera meginmarkmið foreldra og félaga. Öll börn eiga rétt á þátttöku á sínum forsendum og það er á ábyrgð stjórnar og þjálfara félaga að halda foreldrum upplýstum um að eðlilegt og æskilegt ferli hver og eins sé byggt á honum sjálfum sem og að þróun barna geti gerst á mismunandi hraða innan skautaiþróttta.

Samt sem áður eru til foreldrar sem hafa bara hagsmuni eigin barns í huga sem getur stundum leitt til árekstra. Því er það afar mikilvægt að allir fullorðnir í félagi þekki vel þau gildi sem félagið hefur ákveðið að starfa eftir og geri sér grein fyrir mikilvægi þess að umgangast eigi öll börn jafnt og að hagsmunum allra barna og ungmenna sé gætt.

Gott er að kynna [hegðunarviðmið íþróttahreyfingarinnar](#) reglulega fyrir foreldrum.

- Mundu að barnið þitt er í íþróttum sín vegna, en ekki þín vegna.
- Hvettu barnið til þátttöku í íþróttum, en ekki þvinga það.
- Hvettu öll börn, ekki bara þitt.
- Sýndu jákvæðni, líka þegar á móti blæs.
- Berðu virðingu fyrir öllum iðkendum, dómurum, sjálfboðaliðum, þjálfurum og öðru starfsfólki.
- Berðu virðingu fyrir réttindum barna, hvert barn er einstakt.
- Mundu að þjálfarinn þjálfar en foreldrar hvetja.
- Upplýstu um stríðni, einelti eða áreitni.
- Sýndu starfi félagsins virðingu og vertu virkur þátttakandi.
- Misnotaðu ekki stöðu þína og vald með kynferðislegum tilburðum eða öðrum hætti.
- Taktu aldrei þátt í veðmálum, fjárhættuspilum eða viðskiptum í tengslum við íþróttaviðburði þar sem þú getur haft áhrif á úrslit. Veittu aldrei upplýsingar um íþróttir sem þú eða aðrir geta hagnast á.
- Þér ber að tilkynna til barnaverndaryfirvalda ef grunur leikur á að barn hafi verið vanrækt, því misþyrmt eða búi við aðstæður sem geta lagt heilsu þess og þroska í hættu.

3.5.1 Foreldrafélag

Gott er að í félaginu sé starfrækt foreldrafélag sem aðstoðar við sjálfboðaliða mál s.s. á keppnum og sýningum en einnig í keppnisferðum, fjáröflunum og hópefli hvers konar. Mikilvægt er að kynna vel fyrir foreldrum hve mikilvægt sjálfboðaliðastarf er í íþróttum og gildi þess að taka þátt. Ekki einungis fyrir hag félagsins heldur einnig sem stuðning við börnin og íþróttahreyfinguna í heild.

3.5.2 Sjálfboðaliðar

Mikilvægt er að gera foreldrum skautara í félagi grein fyrir að sjálfboðaliðastarf heldur félaginu gangandi. Stjórn, foreldrafélag, keppnir, sýningar, keppnisferðir, fjáraflanir, hópefli o.fl. er á forræði foreldra í félaginu og slíkt er gert í sjálfboðaliðastarfi. Félög eru ekki þjónustuaðilar fyrir foreldra heldur er foreldrum skylt að vera vera virkir þátttakendur í íþróttastarfseminni á hvaða máta sem þeir geta. Margar hendur vinna létt verk og öll viljum við varast að varpa of mikilli vinnu á of fáar hendur.

3.6 Iðkendur

Umgjörð iðkenda í íþróttum stjórnast að stórum hluta af félagasskapnum sem sem viðkomandi æfir í. Börn eru félagsverur og til að blómstra þarf þeim að líða vel í sínu nánasta umhverfi. Félögum og þjálfurum ber skylda til að skapa jákvætt og nærandi umhverfi fyrir iðkendur sína. Skautarar á efri stigum iðkunar eyða miklum tíma í skautahöllinni og þess vegna er mikilvægt að skapa góð tengsl milli iðkenda. Hvers kyns einelti eða neikvæða menningu ætti að kveða niður og meðvitað að byggja upp jákvæð samskipti og gagnkvæma virðingu meðal æfingafélaga.

3.6.1 Félagsmenn búsettir erlendis

Til þess að geta vera þátttakendur í íslensku skautasamfélagi og eiga möguleika á að keppa á Íslandsmeistaramóti eða vera hluti landsliðs þarf viðkomandi skautari að vera fulltrúi íslensks aðildarfélags þrátt fyrir að hann æfi erlendis og sé búsettur þar. Í slíkum tilfellum er gott að ganga til skriflegra samninga svo á hreinu sé hvað felist í samstarfinu.

- Hvernig er fyrirkomulag vegna veru skautarans á Íslandi?
- Hvernig er fyrirkomulag vegna þjálfara?
- Hver eru gjöldin sem skautarinn greiðir til félagsins og fyrir hvað?

Best er að aðilar setjist niður og komist að samkomulagi um fyrirkomulagið. Ekki er æskilegt að sýna stífní eða spenna kröfur of hátt. Vert er að hafa í huga Afreksstefnu ÍSS sé viðkomandi skautari í flokkunum sem tilheyra henni. Það getur komið auka innspýting inn í félagið með slíkum skauturum sem upplifað hafa ólíkar æfingar og þjálfun erlendis og byggir upp jákvæð samskipti og jafnvel vina- og samstarfssambönd.

3.7 Tryggingar

Ábyrgð getur skapast á íþróttafélög á óhöppum sem verða í starfi þeirra. Stjórnarráðið hefur gefið út ritið [Ábyrgð aðila sem standa fyrir félags- og tómstundastarfi fyrir börn og unglinga](#).

Allar upplýsingar um tryggingar iðkenda á æfingum og í keppni má finna í [Reglugerð ÍSÍ um greiðslu bóta vegna íþróttaslysa](#)

Iðkendur íþróttafélaga mega aldrei að vera á ís án menntaðs og viðurkennds þjálfara. Félag gæti verið bótaskýlt fyrir slysum ef þjálfari hefur ekki umsjón með æfingum á æfingatíma.

Foreldrar ættu að kynna sér tryggingamál barna sinna t.d. heimilstryggingar eða tryggingar í kreditkortum. Munur getur verið á hvernig viðkomandi er tryggður allt eftir því hvar slys eða veikindi eiga sér stað. Í keppnisferðum eru skautarar og þjálfarar tryggðir á eigin vegum þrátt fyrir að vera fulltrúar félags eða ÍSS.

3.8 Siða- og agamál

Siðareglur ÍSS, ÍSÍ og ISU ná til allra innan íslensku skautafjölskyldunnar óháð hlutverki þeirra. Þetta á við um stjórnendur, iðkendur og þjálfara sem og allt annað starfsfólk, launað eða sjálfboðaliða. Finna má allar upplýsingar um siðareglur á [heimasíðu ÍSS](#).

Með því að allir séu vel upplýstir um siðareglurnar getum við forðast að lenda í erfiðum aðstæðum að óþörfu.

Stjórnendur félaga gætu þurft að takast á við erfið málefni innan félagsins. Nauðsynlegt er að hafa viðbragðsáætlun í þess háttar tilfellum. Taka má viðmið frá [Æskulýðsvettvangninum](#) til aðstoðar við úrlausn mála eða leita ráða hjá siðanefnd ÍSS.

Brýna þarf fyrir foreldrum að ekki öll börn þroskast á sama hátt innan íþróttar. Margir mismunandi þættir koma að þróun íþróttafólks, flestir ná undirstöðuatriðum, margir verða keppendur, einhverjir keppa á efri stigum en fáir komast á afreksstig.

3.8.1 Áreitnis-, ofbeldis og eineltismál og forvarnir gegn þeim

Það er kappsmál í íþróttahreyfingunni og skautasamfélaginu að iðkendum innan skautaíþróttar líði vel og séu öruggir í iðkun sinni.

Komi upp áreitnis-, ofbeldis eða eineltismál er mikilvægt að til sé aðgerðaráætlun sem farið er eftir án undantekninga. Félög eiga ekki að reyna að leysa slík mál innan sinna raða heldur leita strax til [Samskiptaráðgjafa íþróttar- og æskulýðsstarfs](#). Það er afar mikilvægt að í slíkum málum séu hagsmunir þolandans hafðir í forgrunni og hlutleysi í meðferð mála tryggð með utanaðkomandi aðstoð.

3.9 Fagfólk íþróttanna

Listhlaup býr oft á tíðum við skort á dómurum og öðru tæknifólki til að sinna keppnum, grunnprófum og ráðgjöf. ÍSS miðar einnig að því að mennta þjálfara framtíðarinnar fyrir öll stig skautaíþróttanna.

Sérhvert félag þarf að hafa í huga að þeirra hlutverk er ekki einungis að skapa íþróttafólk heldur einnig þjálfara og starfsfólk panels framtíðarinnar.

Félag ætti að vega og meta hvort fjárfesting í þjálfaranámi sé kostur fyrir félagið til þess að geta búið yfir vel menntuðu starfsfólki á öllum stigum þjálfunar og tryggja fagmennsku innan félagsins. Alltaf ætti að umbuna fagfólki sanngjarnt fyrir störf þeirra og endurspegla þá skuldbindingu fagfólksins um að sækja sér þekkingu sem nauðsynleg er.

Ómenntaðir einstaklingar er starfa fyrir félög geta ekki talist fagaðilar fyrr en þeir hafa hlotið viðeigandi menntun. Jafnvel þótt viðkomandi hafi náð langt sem íþróttamaður.

3.10 Fjármál

Mikilvægur hluti reksturs félags er gott bókhald og aðhald í rekstri. Aðalstjórn félags er ábyrg fyrir fjármálum að auki fylgjast skoðunarmenn reikninga með að ársreikningar séu rétt afstemmdir. Fjárreiður deildanna eru reknar af gjaldkera viðkomandi deildar og þurfa upplýsingar um rekstur að berast frá gjaldkera til gjaldkera eftir því þegar ný stjórn er kosin.

ÍSí hefur tekið saman helstu þætti í [fjárreiðum íþróttafélaga](#) sem gott er að hafa við hendina og [reglugerð](#) þess efnis.

Rekstur félaganna byggist fyrst og fremst á félags- og iðkendagjöldum. Innkoma þarf að dekkja nauðsynlega umgjörð iðkenda s.s. laun þjálfara og gjöld tengd þeim.

Þess utan fær félagið styrki sérstaklega til [aðstöðu í mannvirkjum](#) auk svokallaðra „lottóstyrkja“. Lottóstyrkjum er úthlutað eftir [reglugerð](#).

ÍSí úthlutar ferðastyrkjum einu sinni á ári til ferðalaga vegna keppnisferða. Sveitarfélög styrkja börn og ungmenni innan sinna raða til tómstundaiðkunar. Meðfram þessum styrkjum greiða sveitarfélögin einnig tiltekna upphæð til íþróttafélaganna. Upphæðin er breytileg milli sveitarfélaganna og í einhverjum tilfellum þarf félag að vera samþykkt af sveitarfélaginu t.d. ef viðkomandi íþróttagrein er ekki stunduð í því sveitarfélagi. Mælt er með að félögin kynni sér reglur vel.

Að öðru leiti þarf að leita eftir styrkjum eða framlögum frá fyrirtækjum sem og standa fyrir fjáröflunum ef fjármagna þarf sérstök verkefni í starfinu eins og æfingabúðir, mót, sýningar eða keppnisferðir erlendis.

3.11 Fyrirmyndarfélag

Verkefnið „Fyrirmyndarfélag“ er gæðastjórnunarkerfi sem ÍSí setti á laggirnar til að hvetja félög að móta sér markmið og stefnu, fara eftir samþykktum ÍSí um uppeldisleg, íþróttaleg og samfélagsleg sjónarmið er stuðla að meiri fagmennsku í rekstri félaganna. Kröfur ÍSí um að félagið fái fyrirmyndarfélags vottun má finna á [heimasíðu ÍSí](#).

4 Tímabilið

Skautatímabil hefst 1. júlí og lýkur 30. júní árið eftir skv. Reglum ISU. Fjárhagsárið ef hins vegar almanaksárið, 1. janúar til 31. desember. Félögin hafa ársfundir sína á vorin og ÍSS sinn ársfund, skautaþing, í apríl eða maí.

Í mörg horn er að líta á tímabilinu. Tekin hefur verið saman listi yfir það helsta. Vinsamlegast athugið að listinn er ekki tæmandi og nauðsynlegt er fyrir hvert félag að hafa sinn eigin lista til að vinna eftir svo skiladagar og aðrar mikilvægar dagsetningar gleymist ekki. Slíkur listi þarf að vera "lifandi skjal" þ.e. að fylla skal jafnóðum inn í hann eftir því sem nýjar dagsetningar bætast við. Finna má dagatalið aftast í þessari handbók.

4.1 Keppnistímabilið

Íslenska keppniskerfið er byggt upp með mismunandi tegundum keppna sem eru oftast aðlagðar að getu keppenda. ÍSS gefur út reglur um keppnir og skilyrði þátttöku í [Reglugerðum ÍSS](#) sem finna má á heimasíðu ÍSS.

Keppnir á Íslandi og/eða með íslenskum þátttakendum	Afreks-skautarar	Keppendur í ISU flokkum	Keppendur í ÍSS línu	Keppendur félagalínu	Keppendur SO/AS
Heimsmeistaramót fullorðinna og unglinga	X				
Evrópumeistaramót	X				
Norðurlandamót	X	X			
JGP	X	X			
Mót af lista ISU	X	X			
Reykjavíkurlækingarnir RIG	X	X			
Íslandsmeistarmót ÍSS	X	X			
ÍSS mót	X	X	X		
Alþjóðleg millifélagamót (interclub)	X	X	X	X	X
Millifélagamót	X	X	X	X	X
Innanfélagsmót	X	X	X	X	X

4.2 Próf

Til að finna hvar skautarar eiga heima innan keppniskerfa ÍSS þarf að fara fram mat á getustigi þeirra.

Á skautaskólastigi er iðkendum kenndar undirstöður skautaþróttar og fara þeir í gegnum símatkerfið Skautum Regnbogann. Að þeim loknum taka Grunnpróf við. Skautarar fara mis hratt í gegnum þessi kerfi og ekki gefið að tveir einstaklingar sem hafi byrjað á sama tíma í skautaskóla fylgist að í þessu stigamati.

Mikilvægt er að virða mat fagaðila og lofa skautaranum að ná hæfni sinni á þeim tíma sem hentar honum best og að þroskast sem skautara og íþróttamanni. Hlutverk stjórnar félaga er, í samráði við þjálfara, að upplýsa foreldra um þetta ferli svo þeir megi vera vel inni í ferli barna sinna í skautaþróttum.

Samt sem áður þurfa skautarar ekki að hefja keppni þótt þeir fari í gegnum prófakerfin. Hægt er að fara í gegnum öll stigin sem frístunda skautari án þess að hefja keppnisþátttöku.

4.2.1 Skautum regnbogann

Mat á iðkendum fer fram í skautaskóla og á frumstigum framhaldsþjálfunar, og fara fram á æfingatíma. Ekki er um eiginleg próf að ræða heldur símat og inniheldur sjö (7) stig sem verðlaunuð eru með mismunandi litum skautanælum [Skautum Regnbogans](#). Þjálfarar félaganna sjá um símatið og afhenda iðkendum nælu þegar þeim hefur tekist að tileinka sér kröfur viðkomandi stigs. Nælurnar fást á skrifstofu ÍSS og þarf að panta með fyrirvara.

Skautari getur hafið keppni í Félagalínu þegar hann hefur tileinkað sér visst mörg stig kerfisins. Það fer eftir aldri skautara hvaða nælu þarf til að geta keppt.

Hvenær getur skautari tekið af sér hjálminn?

Allir skautarar skautaskóla þurfa að skauta með hjálm á meðan þeir eru að læra undirstöðuatriðin eða að minnsta kosti höfuðbandi. Öll skautafélög ættu að hafa skýra stefnu um hvenær má fjarlægja hjálminn. Þegar það er kominn tími á að leggja hjálminn á hilluna er gott að það sé gert í samráði milli þjálfara, foreldra og skautaranna sjálfra.

4.2.2 Grunnpróf

Íslenska grunnprófskerfið samanstendur af tveimur hlutum, grunnæfingum og skylduæfingum. Saman heita þessi próf, Grunnpróf og veita keppnisrétt í keppniskerfi ÍSS. Tilgangur þeirra er að skautarar keppi á jafningjagrundvelli við aðra á svipuðu stigi getu og aldurs.

Þjálfarar ákvarða hvenær skautarar eru tilbúnir að taka próf.

Athuga skal að grunnprófin eru með lægri kröfum en keppnisreglur flokkanna sem prófin gilda í og ekki á að senda iðkanda í próf nema hann hafi vissulega náð að tileinka sér keppniskröfur viðkomandi flokks. Það gefur auga leið að ef iðkandi á í erfiðleikum með að ná grunnprófi þá er hann að öllum líkindum ekki að uppfylla keppniskröfur flokksins. Slíkt getur virkað neikvætt á þroska skautara og valdið kvíða og skaða á uppvexti iðkandans sem íþróttamanns. Það er því afar mikilvægt að hlusta á ráðleggingar þjálfara um hvort viðkomandi er tilbúinn eða hvort reyna eigi síðar eftir betri undirbúning.

Prófin eru dæmd af löggiltum dómurum.

Allar reglur er varða Grunnpróf ÍSS má finna í [Grunnprófshandbók](#) á heimasíðu ÍSS.

Prófin eru stöðugt í endurskoðun til að fylgja eftir þróun í á íslensku og alþjóðlegu stigi.

5 Keppni

5.1 Hver getur skipulagt keppni?

Öll félög geta haldið innanfélags- og millifélagakeppni fyrir öll keppnisstig. Óski félag eftir að halda millifélagakeppni með þátttakendum frá erlendum félögum þarf að sækja um slíkt til ÍSS skv. [Reglugerð ÍSS nr. 300](#).

Allar upplýsingar um mótahald er að finna í reglugerðum ([III. Kafli um Móta og starfsfólk skautaíþrótt](#)) og [Mótahandbók](#). Gera þarf mótstilkynningu og ráða starfsfólk á panel og bera undir ÍSS. Félög þurfa að kynna sér tímamörk og fyrirkomulag vegna keppna sem þau ætla sér að halda með góðum fyrirvara.

5.2 Hvernig eru listskautar dæmdir?

Íslenskar keppnir í listskautum hafa þrjár mismunandi keppniskröfur; ÍSS línu, félagalínu og Special Olympics línu.

Núverandi dómakerfi (IJS) var tekið upp árið 2004 og byggir á tæknipanel með tæknidómurum og stjórnendum kerfisins TC / TS / DRO (nánara útskýrt síðar) sem skilgreinir hvað keppandi gerir og metur erfiðleikastig. Síðan metur dómaraþanell gæði þeirra þátta sem gerðir eru. Allir þættir hafa fast gildi. Auk tæknieinkunna er framsetning prógramsins einnig metin í mismunandi atriðum.

Félagalína hefur sérstakt dómakerfi sem dæmir skautarann út frá svipuðum þáttum og í IJS. Í Félagalínukerfinu eru 3 dómara sem skipta með sér mismunandi þáttum á panel. ÍSS gefur út Handbók félagalínu.

Special Olympics fer eftir alþjóðlegu kerfi [Special Olympics](#) og er keppendum skipt upp í aldursflokka og getustig.

Finna má skilgreiningu dómakerfa og starfsmannabörf þeirra í reglugerðum sem og hvernig mót skulu mönnuð. [Reglugerðir ÍSS](#) eru á heimasíðu ÍSS.

6 Námskeið fagaðila

Fagaðilar skautaþróttar eru þjálfarar annars vegar og starfsfólk á panel hins vegar. Námskeið fyrir fagaðila eru haldin reglulega af ÍSS og ÍSí.

Árlega er haldið námskeið fyrir starfsfólk á panel; dómara, tæknistjórnendur (TC), tæknisérfræðinga (TS) og gagna innslátt/myndbands klippara (DRO). Á hverju hausti er haldin námskeiðshelgi þar sem koma saman nýliðar sem og þeir sem þurfa framhaldsmenntun. Námskeiðið er haldið af ÍSS og er það auglýst með góðum fyrirvara. Allar upplýsingar um réttindi og skyldur starfsfólks á panel má finna í [Handbók starfsfólks á panel](#).

6.1 Þjálfari

Til að verða skautaþjálfari er mikilvægt að til sé starfsgrundvöllur í félögunum fyrir þjálfara allt frá skautaskóla til afreksþjálfara. Góðir og vel menntaðir þjálfarar eru forsenda hvers félags, þeir sem sinna þjálfun inni á Ís og utan hans. ÍSS heldur námskeið fyrir þjálfara þar sem eingöngu er kennd skautaþjálfun. Að auki heldur ÍSí þjálfaranámskeið á sínum vegum þrisvar á ári. Námskeiðin eru í þremur stigum og þarf að klára hvert stig ÍSí áður en hægt er að ljúka námi á samsvarandi stigi ÍSS. Allar upplýsingar um þjálfaramenntun má finna í [Námskrá þjálfaranáms ÍSS](#).

6.2 Dómari

Það að það séu til hæfir og vel menntaðir dómara er forsenda þess að geta yfir höfuð staðið fyrir keppnum. Slíkt er mikilvægt bæði skauturum sem og þjálfurum því á keppnum kemur fram hvernig tekist hefur til hjá þeim. Þess vegna er mikilvægt að dómara öðlist reynslu á keppnum og geti þannig aukið þekkingu sína jafnt og þétt sem tryggir að við höfum metnaðarfulla og góða dómara bæði á landsvísu og erlendis. Þegar dómara hafa öðlast mikla reynslu geta þeir farið á yfirdómaranámskeið. Yfirdómari er mikið ábyrgðarhlutverk þar sem hann er yfirmaður alls panels á mótum og ábyrgur fyrir að dæming á þrógrömum keppenda fari rétt fram.

6.3 Tæknistjórnandi (TC)

Tæknistjórnandi (TC) ber ábyrgð á tæknipanel keppinnar og ber þar með endanlega ábyrgð á mati á tæknilegu innihaldi prógramms hvers keppanda. Hann er hluti teymis ásamt tæknisérfræðingum (TS) og gagnainnslátt og myndbandsklippara (DRO). Tæknistjórnandi (TC) kemur úr röðum dómara eftir langa starfsþjálfun.

6.4 Tæknisérfræðingur (TS)

Hlutverk tæknisérfræðinga er að auðkenna hvert tækniatriði (stökk, spinn, spor...) sem skautarinn framkvæmir og meta erfiðleikastig þegar það á við. Undir stjórn tæknistjórnanda (TC) vinnur hann í teymi ásamt öðrum tæknisérfræðingi sem og gagnainnslátt og myndbandsklippara (DRO).

6.5 Gagnainnsláttur og myndbandsklippari (DRO)

Gagnainnsláttur og myndbandsklippari (DRO) eru tveir mikilvægir aðilar á tæknipanel móta. Þeir vinna með tæknistjórnanda (TC) og tæknisérfræðingum (TS). Verkefni gagnainnsláttar er sjá um innslátt auðkenndra elementa frá tæknisérfræðingi og erfiðleikastig þeirra inn í tölvuna meðan á keppni

stendur. Eftir að keppandi hefur lokið prógrami klippir myndbandsklippari upptökuna af prógraminu og endurspilar þá þætti sem tæknipanel vill sjá aftur t.d. lending á stökki. Nám gagna- og myndbandsstjóra inniheldur báðar stöðurnar þótt þeir sinni einungis annarri á mótum.

6.6 Mótsstjórn

Félag þarf að búa yfir hæfu fólki sem heldur mót á þeirra vegum. Mótsstjóri þarf að vera útsjónarsamur að útvega sjálfbóðaliða sem sinna þurfa þeim verkefnum sem þarf á mótum. Hann þarf að kunna vel reglur varðandi mótahald, geta reiknað upp dagskrá, ráðið dómara og skipulagt mótastarf. ÍSS hefur mótanefnd sem fylgist með öllu mótastarfi á Íslandi, sér um útgáfu Mótahandbókar, tekur á mótí skýrslum mótsstjóra og kemur með tillögum að úrbótum. ÍSS hefur mótsstjóra á sínum vegum á ÍSS mótum og alþjóðlegum sem haldin eru af ÍSS.

Mótanefnd ÍSS heldur námskeið fyrir mótsstjóra og félög í upphafi tímabils árlega.

7 Afreksstarf

ÍSS gefur út [Afreksstefnu](#) sem er aðgengileg á heimasíðu ÍSS. Stefnan er eftir [forskrift frá ÍSí](#) og er borin upp árlega á Skautabíngi og er hún sameiginlegt stefnuskjal skautaiþróttar á Íslandi. Félögum ber að hafa hana að leiðarljósi í starfi sínu hvort sem þau hafa afreksíþróttafólk innan sinna raða eða ekki. Eftir samþykkt á Skautabíngi er stefnan send til ÍSí sem hefur yfirumsjón með afreksstarfssemi allra sérsambanda. Innihald hennar og eftirfylgni er forsenda fyrir þeim afreksstyrkjum sem ÍSS fær frá ÍSí.

Afreksstarf nær venjulega yfir aðeins nokkra skautara í félagi. Þessi litli hópur er samt sem áður gríðarlega mikilvægur fyrir bæði íslenska skautasamfélagið sem og fyrir félögin. Að hafa afreksfólk innan sinna raða laðar bæði að sér nýja félagsmenn sem og starfsfólk og er andlit félagsins og þess starfs sem þar fer fram. Afreksfólk er auðlindaafrekur hópur á margan hátt; hann þarf marga ístíma með fáa skautara á ísnum, vel menntaða þjálfara, æfingafélaga á svipuðu stigi, alþjóðlegar keppnir, æfingabúðir erlendis o.s.frv. Félagið reynir eins og það getur, að styrkja afreksskautara t.d. með því að senda þjálfara með afreksskauturum í verkefni og hafa augun opin fyrir styrktækifærum til handa afreksstarfi.

7.1 Afreksstarf í listskautum

Afreksstarf þarf gott skipulag. ÍSS hefur í mörg ár unnið markvisst og farsælt starf með og í kringum íslenskt afreksfólk. Eftir reglum ÍSí starfar ÍSS, og afreksnefnd þess, eftir afreksstefnu sem er uppfærð árlega. Í henni koma fram markmið og leiðir að afreksstarfi ÍSS. Það er samt sem áður mikilvægt að hvert félag hafi sína eigin afreksstefnu sem miðar sérstaklega út frá því landslagi sem þau búa við og hafa stefnu ÍSS að leiðarljósi.

Í gegnum starf afreksnefndar ÍSS hafa fremstu skautarar okkar fengið þjálfun/leiðsögn sem hefur sýnt sig á alþjóðlegum mælikvörðum og er í stöðugri framför. Í dag erum við með tvískiptan hóp sem gefur skauturum fjárstuðning til þátttöku á stórmótum sem þeir hafa unnið sér inn lágmark á.

Unglingsárin eru undirbúningstímabil fyrir yngri iðkendur til að ákveða hvort þeir vilja leggja á sig að skauta sem afreksíþróttamaður eða stunda íþróttina með heilsu og hreyfingu að sjónarmiði. Mikilvægt er að muna að það á að vera hvetjandi að stunda afreksíþróttir og gleði, áhugi og félagsskapur ætti að vera megináhersla iðkunar.

Í afreksstarfi er framför í þróun og árangur íþróttafólks haft að leiðarljósi, sem þýðir að grunnur afreksstarfs er fjöldi ístíma og gæði þjálfunar. Metnaður og vilji íþróttafólksins sjálfs skiptir sköpum. Afreksstarf er ekki sjálfagður hlutur og verður að engu ef allir hlutaðeigandi leggja sig ekki fram í

ferlinu. Félögin þurfa að vera viljug að aðstoða skautara á afreksstigi eftir fremsta megni með því t.d. að tryggja aðgengi að æfingum og þjálfurum. Taka skal fram að þeir þjálfarar sem fylgja skauturum á mót erlendis fyrir Íslands hönd þurfa að uppfylla reglur í reglugerð 365.

7.2 Afreksstarf Syncro

Á Íslandi er kjörið tækifæri fyrir þá iðkendur sem vilja stunda hópíþrótt í skautum að stunda samhæfðan skautadans, syncro. Samt sem áður hefur gengið brösuglega að fá félögin að bjóða upp á þess háttar iðkun. Að félag bjóði upp á fleiri en eina ísíþrótt tryggir afkomu þess og stuðlar gegn brottfalli, sérstaklega á unglingastigi. Auðvelt er að halda utan um uppbyggingu og afreksstarf í samhæfðum skautadansi. Ísland hefur tvisvar átt lið á heimsmeistaramóti í greininni og gæti átt það aftur ef tekst að hefja hana aftur til vegs og virðingar.

Iðkendur í samhæfðum skautadansi eru meðal þeirra duglegustu að skila sér í áframhaldandi störf innan skautaíþróttanna annað hvort sem þjálfarar eða starfsfólk á panel. Það er því mikilvægt að hlúa sérstaklega að úrræðum fyrir þennan hóp þar sem það er reynsla ÍSS að það skilar félögum fjölbreyttara starfi og breiðari iðkendahópi auk framtíðar starfsfólks eða stjórnarfólks.

8 Ístímar

Til þess að geta stundað skautaíþróttir þarf aðgengi að ístímum. Eitthvað sem er ekki alltaf auðvelt þar sem skautasvell eru fá og miðuð við þarfir almennings.

Keppnistímabilið í listhlaupi er í dag frá byrjun september fram í miðjan apríl. Þörfin fyrir ístíma er þó í raun 11 mánuðir á ári til að hafa tíma til að undirbúa sig fyrir komandi tímabil.

Við öll sem vinnum við skautaíþróttir höfum þar afar mikilvægu starfi að gegna og verðum stöðugt vinna að því að breyta viðhorfi á opnunartíma skautahalla og tímaþörf skautaíþróttanna. Ekki síst með hliðsjón af jafnréttismálum þar sem oft hallar á kvennaíþróttir í starfi þeirra sem sitja við stjórnvölinn vegna tímaúthlutana.

*Skautaíþróttir þurfa meiri ístíma,
fleiri íshallir og umfram allt íshallir
aðlagðar að þörfum íþróttanna okkar.*

Vaxtarmöguleikar skautaíþróttanna er forsenda framþróunar þeirra en mætir áskorunum takmarkaðs aðgengis að ístímum og aðstöðu sem og oft á tíðum skilningsleysis á þörfum þeirra.

Hönnun núverandi skautahalla á Íslandi er algjörlega aðlöguð þörfum íshökkís, þar sem til dæmis markabúr og leikklukkur eru sjálfsagður hlutur, en ekki tónlistaraðstaða sem er stíll fyrir grunnþarfir skautara. Aðstaða til keppnishalds býður upp á vissar áskoranir þar sem ekki hefur verið reiknað með

pláss fyrir dómara panel og tækniþúnað í kringum listskautamót. Einnig hafa í mörgum tilfellum batta með glerjum svo þungum að nánast ómögulegt er að fjarlægja þau fyrir alþjóðleg mót til að búa til aðgengi fyrir þjálfara, sjónvarpsmyndavélar og fjölmiðlafólk.

Við viljum auka skilning á því að ísflöturinn sé forsenda fyrir starfsemi okkar, að útbreiðslulíkon ístíma verði að miðast við þarfir hinna ýmsu íþróttagreina og aðstaða verði aðlöguð þeim íþróttagreinum sem þar starfa. Svo framarlega sem allar íþróttagreinar eru ekki metnar að verðleikum og forgangsraðað með jöfnum hætti og fjármagni er dreift á réttlátan hátt er ekki hægt að ná jöfnum skilyrðum. Meðvitað jafnréttissjónarmið þarf að leggja til grundvallar allri skipulagningu félaganna, svo sem úthlutun æfingátíma og hönnun æfinga- og keppnisaðstöðu.

Leikreglur í skautahöllum landsins verða að vera eins fyrir alla!

Það er mikilvægt að við spyrjum okkur sjálf:

- Því er jafnrétti kynjanna mikilvægt mál?
- Hvernig getur skautahöllin orðið vettvangur allra?
- Hvernig eiga skautahallir að verða staður þar sem allir, óháð kyni og áhuga, hafa jöfn tækifæri til að stunda íþróttir?

Eigi skautahöll að vera á jafnréttisgrundvelli þarf að auka skilning á þörfum skautaíþróttar og sýna í verki að aðlaga núverandi og nýjar skautahallir að aukinni og fjölbreyttari starfsemi. Þannig skapast jafnréttis vettvangur þar sem öll kyn hafa jafna möguleika á að stunda sína íþrótt.

9 Ísinn - forsenda íþróttanna

Ístímar og lengd tímabils er beinlínis afgerandi fyrir starfsemi skautaíþróttar. Skortur á æfingartímum og ísflötum til æfinga takmarkar bæði skipulagðar æfingar og þróun ísíþróttar. Ekki eru allar ísíþróttir með samskonar tímabil og því getur reynst erfitt ef ein íþróttagrein í skautahöllinni tekur lengra frá frá æfingum heldur en aðrar. Tilhneygingin var hér áður fyrir að opnunartími hallanna fór eftir æfingartímabili íshökkis og skautahöllunum var lokað og ístími skertur á meðan listhlaup var ennþá í fullu æfingartímabili. Sem betur fer hefur þetta breyst mikið til batnaðar en betur má ef duga skal. Barningur um ístíma er árlegur viðburður og ofan á bætist að almenningstímar þurfa einnig sitt pláss og taka oft bestu tímana þar sem kvöð liggur á skautahöllunum að sýna góða fjárhagsafkomu sem bitnar á æfingartíma íþróttanna sem þar eru stundaðar.

Til þess að geta skautað óháð stigi (afreks-, alhliða- eða frístundastigs) er ísflöturinn forsenda og skiptir aðgengi að ís sköpum fyrir metnað og þróun.

Listhlaup er sérstök tækniíþrótt sem krefst mikils æfingátíma bæði á ís og af til að ná tökum á stökkum, spinnum og sporum. Algengur misskilningur er að það sé hættulegt að æfa mikið og að fjárfesting í meistaraflokk og afreksstarfi sé því skaðleg. Sérfræðingar eru þeirrar skoðunar að það sé ekki magn þjálfunar sem getur verið skaðlegt heldur hvernig hún er framkvæmd, til dæmis of einhliða eða of margar klukkustundir í röð.

Með því að auka framboð á ís (fjölda klukkustunda á viku og einnig fjölda vikna á ári) og geta boðið upp á æfingartíma sem dreift er yfir daginn eykst batatími, gæði aukast og hætta á meiðslum minnkar. Því fleiri ístímar sem félögin hafa til ráðstöfunar á öllum stigum, því meira geta félögin aðlagð starfsemi

sína, hraðað sér hægt, stundað minni hástyrktarþjálfun og einnig getað nýtt ísinn samkvæmt ráðleggingum sem ÍSS gefur til viðmiðunar út frá bæði gæða- og öryggissjónarmiðum (sjá töflu).

Taka þarf sérstakt tillit til þeirra félaga er leggja stund á fleiri skautaíþróttir en listhlaup þar sem ekki gengur í öllum tilfellum að blanda saman iðkendum á ís úr listhlaupi, samhæfðum skautadansi og skautahlaupi. Ístímaúthlutanir þurfa því að taka mið af fjölda iðkenda, getustigi, sem og hvers konar skautaíþrótt er verið að iðka. Aukið aðgengi að ís er nauðsyn fyrir félögin okkar til að geta þróað og tryggt góða starfsemi sem gerir íþróttafólki okkar kleift að fjárfesta í eigindlegum, sjálfbærum og löngum listhlaupaferli.

9.1 Hvernig er ístímum úthlutað?

Fjöldi klukkustunda sem skautafélag þarf á hverri viku fer eftir nokkrum mismunandi þáttum, svo sem fjölda skautara, tæknistigi skautara, aldri, skautaíþrótt o.s.frv.

Skautarar skiptast yfirleitt í hópa eftir tæknikunnáttu en ekki bara eftir aldri eins og í mörgum öðrum íþróttum. Afreksskautarar og hinn almenni iðkandi sem og byrjendur geta skapað hættu fyrir hvern annan þar sem munur á hraða skautara er mikill. Taflan hér að neðan sýnir ráðleggingar skautasambandsins um fjölda iðkenda á ís á sama tíma.

Ístímaúthlutun í miðast oft eingöngu við fjölda þátttakenda á ísnum og tekur ekki mið af aðstæðum og þörfum hinna ýmsu ólíku íþróttagreina. Bæði ístímaúthlutun og hönnun aðstöðu er að miklu leyti löguð að hópíþróttum í íshokki. Fastar uppsetningar eins og öryggisgler og leikmannaskálar takmarka möguleika á bæði þjálfun og keppni í listhlaupi og skautahlaupi.

Taflan tekur mið af öryggi skautara með tilliti til hámarks nýtingar íss og gæði þjálfunar.

tegund iðkunar	Ístímaþörf per viku	Hámarksfjöldi á ís
Afreksskautarar sem keppa á alþjóðlegum mótum	15-20	Allt að 15 (ekki færri en 10)
Skautarar í efstu flokkum listhlaups (ad. Nov, jun, sen)	9-11	Allt að 18 (ekki færri en 10)
Skautarar í ÍSS flokkum	6-8	Allt að 30 (ekki færri en 20)
Félagalína	3-7	Allt að 30 (ekki færri en 20)
Skautaskóli (og frístundaiðkendur)	1-3	60-70
Special Olympics flokkar	1-3	Allt að 20
Samhæfður skautadans – afreksfl. sem keppa á alþjóðlegum mótum	15-20	30 (eitt lið)
Samhæfður skautadans (ISU flokkar)	6-8	30 (eitt lið)
Samhæfður skautadans (aðrir flokkar)	3-6	30 (eitt lið)
Samhæfður skautadans (byrjendur)	2-4	30
Skautahlaup	4-8	20 (fer eftir aldri, getu og hraða)

Nái efstu fjórir flokkarnir hér að ekki lágmarksfjöldi á í má blanda saman úr tveimur eða fleiri flokkum og ná þannig betri nýtingu. Athuga þarf að skautarar á afrekstigi þurfa meira ísrými og því þarf að fara

varlega í að blanda öðrum hópum með þessum flokki. Afreksskautarar skv. skilgreiningu ÍSS þurfa að hafa eitthvað aðgengi að sérstökum afreksæfingum í æfingaplani þar sem lágmarksfjöldi er ekki náð.

Einnig má íhuga að blanda saman úr ólíkari flokkum allt eftir því hvað er verið að æfa t.d. sérstakir spora- eða spinntímar þar se fleiri geta verið á ísnum saman úr ólíkum getustigum.

10 Keppni - byrja smátt og vaxa

Skautakeppnir eru í boði fyrir iðkendur á öllum stigum frá byrjendum til afreksskautara óháð aldri. Þau eru metin ýmist með einfaldari tæknibúnaði eða með yfirgripsmeiri tæknibúnaði. Því hærra stigi sem keppnin er, því meiri kröfur eru gerðar til tæknibúnaðar og hönnun aðstöðunnar.

10.1 Hver eru skilyrðin fyrir keppni í skautahöllinni?

Þetta eru mikilvægustu atriðin sem vert er að skoða.

- Er ísflöturinn 30 m x 60 m?
- Er salarhiti minnst 10° C?
- Er íshiti -3.5 til -5° C?
- Eru öryggisgler, stangir eða net sem byrgja sýn dómara?
- Eru takmarkaðir möguleikar þjálfara til að leiðbeina skautara á ísnum meðan á upphitun stendur án þess að öryggisgler sé fyrir eða úr hurð?
- Ef þessir tveir punktar hér að ofan eru í skautahöllinni, er auðvelt að taka niður og setja upp aftur?
- Er til tónlistarkerfi með mismunandi endurspilunarmöguleika?
- Er hægt að stjórna tónlistarkerfinu frá þeim stað þar sem kynnir og tónlistarstjórinn sitja?
- Er hægt að tengja tónlistarkerfið á dómaraþanelinn?
- Eru hátalarar um allan ísflötinn fyrir fullnægjandi hljóðflutning fyrir keppendur, áhorfendur og panel?
- Eru nægir búningasklefar fyrir alla keppendur af öllum kynjum og tæknifulltrúa á keppni?
- Er nóg pláss og dýpt á bak við brún á langhlið til að hægt sé að byggja dómaraþalla?
- Eru svæði til upphitunar?
- Er þráðlaust net í boði fyrir bein úrslit?
- Er streymi í mögulegt?

10.2 Ís utan íshalla - að þora að hugsa nýtt

Á Íslandi eru ekki til nógu margar skautahallar til að börn, ungmenni og fullorðnir geti skautað að því marki sem þeir vilja. Svæði fyrir sjálfsprottna íþróttaiðkun hafa horfið þar sem sífellt fleiri fótboltavellir hafa verið uppfærðir með hitarörum til að koma í veg fyrir að snjó og ís leggi á vellina og þeir geti verið í notkun allt árið um kring. Skortur á svelli er ógn við félagsstarfsemi skautaíþróttar og annarra ísíþróttar sem og skautaíþróttum almenninga. Íþróttir og almenningur passa einfaldlega ekki í núverandi aðstöðu okkar. Við skipulagningu nýrra íbúðahverfa þarf aðgengi að íþróttahverfi og aðstöðu að vera sjálfsagður hlutur.

- *Þarf yfirborð íss að líta út eins og það gerir í dag?*
- *Þarf alltaf að vera batti og öryggisgler?*
- *Hvernig getum við fundið ný tækifæri fyrir skauta?*

Það eru mörg góð dæmi erlendis um hvernig og hvar nýir ísletir hafa verið settir upp á óhefðbundna staði. Það geta t.d. verið svell ofan á núverandi byggingum eða inni í verslunarmiðstöðvum. Það eru skautasvell byggð á nokkrum hæðum, brautir fyrir ísípróttir og náttúrulegar æfingabrautir með ís á veturna, svipað og gönguskíðabrautir. Fleiri valkostir í skautaiþróttum auka möguleika almennings á skautum og losa tíma í núverandi skautahöllum fyrir félagastarf. Þetta í bland við aukna aðstöðu er nauðsyn til þess að félögin geti haldið áfram starfsemi fyrir börn, ungmenni og fullorðna.

Skautafélögin á Íslandi geta átt frumkvæði að því að hugsa út fyrir kassann, koma með nýjungar í sínu nærumhverfi og vera leiðandi afl í frumkvöðlastarfi sem gæti skilað félaginu og skautasamfélaginu í heild hagnaði sem og í aðstöðubótum.

Tækifæri felast í því að félög geta auglýst starfsemi sína og staðið í fjáröflun með því að bjóða upp á viðburði utan húss, líkt og gert var á Reykjavíkurtjörn og Melavelli í gamla daga og boðið upp á ísdansleiki, skautahlaup eða leiki á útisvillum.

10.3 Skautar - íþrótt fyrir alla

Líkt og íslenska íþróttahreyfingin almennt, þá stefnir ÍSS í átt að áhersla á þróun þýði að fleiri eru hvattir til að stunda íþróttir fyrir lífstíð. Keppnisstarfsemi okkar hefur þróast í takt við þetta og er íslenskt listhlaup nú með keppniskerfi fyrir öll stig og aldur þar sem áhersla er lögð á persónulegan þroska.

Á sama tíma er mikilvægt að skilja að ekki allir vilja keppa og bjóða þarf upp á möguleika fyrir frístundaiðkendur á öllum aldri.

Svo eru þeir sem langar að þróast í íþrótt innan hóps og myndu kjósa að skauta með liði. Þar kemur samhæfður skautadans að góðum notum sem eykur liðsanda og heldur ungu fólki í íþróttum.

Skautahlaup er enn einn kosturinn sem ætti að bjóðast og sérstaklega halda að þeim er vilja hraða og spennu.

En aðalatriðið er: **Allir ættu að geta stundað skauta.**

11 Saga og þróun

Maðurinn hefur notað skauta frá örófi alda. Elstu þekktu leifar af skautabúnaði voru búnir til úr leggjum stórgripa og var helst til notaður til ferða á landssvæðum með stór og mikil vötn. Það var snemma að fólk fór að stunda að renna sér á skautum sem tómstundagaman og til skemmtunar. Skautabúnaðurinn tók einnig miklum breytingum sem og þróun elementa. Segja má að íþróttin sé í stöðugri þróun þar sem skautarar ýta sér stöðugt lengra til að prófa nýja hluti.

11.1 Saga íþróttanna og ISU

Alþjóðaskautasambandið var stofnað í Hollandi 1892 og var sérstaklega stofnað til að framfylgja alþjóðlegum stöðlum í keppnum og hefur haldið Heimsmeistaramót síðan 1896. Þau hafa verið heildarsamtök listhlaups og skautahlaups frá byrjun. Á síðari stigum hafa þessar tvær íþróttagreinar greinst í annars vegar í skautahlaupi (sem iðkað er á langri braut) og skautaat (skautahlaup á stuttri

brautu eða sama ísfirborð og listhlaup) og hins vegar hins vegar hefur listhlaup sem frá upphafi hefur verið kynjaskipt einstaklingskeppni og paraskautun og við bæst ísdans og samhæfður skautadans.

11.2 Saga skautaíþróttar á Íslandi

Skipulögð skautaiðkun á Íslandi m.t.t. keppna hófst upp úr aldamótum 1900 á Reykjavíkurtjörn. Mest var keppt í skautahlaupi en einstaka sinnum öttu 2-3 skautarar kappi í listhlaupi þótt mestmegnis hafi það verið stundað til sýninga. Mikill uppgangur var í skautahlaupinu á árunum 1950-60 en fór að dala upp úr því.

11.2.1 Tímalína skautaíþróttar á Íslandi

1892	Skautafélagið stofnað 24. nóvember.
1893	Skautafélag Reykjavíkur hið eldra, stofnað 7. janúar fyrsti formaður Björn Bjarnason. Lagt niður 1927.
1900	Skautafélag Akureyrar hið eldra starfrækt til 1920.
1909	Fyrstu hjólskautarnir á Íslandi.
1909	31. janúar Fyrstu keppnir á skautum Tjörninni; í skautahlaupi á Tjörninni og ein í listhlaupi. Sigurvegari í skautahlaupi var Sigurjón Pétursson.
1910	Skautakeppni 5. mars Sigurjón sigraði norðmanninn Jacobsen.
1911	Skautað á Melavellinum við gasljós og músík.
1912	Skautakeppni í Reykjavík.
1912	Rætt hvort ganga skuli í Íþróttasamband Íslands og var Skautafélag Reykjavíkur stærsti meðlimurinn með 350 félag.
1919	Skautafélag Hafnarfjarðar stofnað 30. nóvember af Huldu og Hrefnu Bergmann, Steineyju Kristmundsdóttur og Júlíus V. J. Nýborg. Lagt niður 1935.
1931	Íþróttafélag Verkamanna stofnað sem lagði stund á skautaíþróttir.
1932	Þann 14. desember á ÍSÍ frumkvæði að drögum að stofnun nýs skautafélags en varð ekki meira úr.
1935	Skautafélag Hafnarfjarðar og Íþróttafélag Verkamanna sameinast í Skíða- og Skautafélag Hafnarfjarðar 27. október en þó með litlum sem engum skautaæfingum. Lagðist af uppúr 1960.
1936	Knattspyrnufélagið Fram sér um skautasvell á Austurvelli.
1936	Starfsemi Skautafélags Reykjavíkur endurvakin.
1937	Skautafélag Akureyrar stofnað 1. janúar.
1938	Skautafélag Reykjavíkur hið síðara stofnað 31. október.
1941	Katrín Viðar verður formaður í Skautafélagi Reykjavíkur, fyrst kvenna.
1941	Sýning í list“skauta“hlaupi samhliða skautahlaupskeppni á Akureyri. Sýnendur Gunnar Thorarensen og Ágúst Ásgrímsson.
1945	Skíða- og Skautafélag Hafnarfjarðar verður grunnurinn að stofnun Íþróttabandalags Hafnarfjarðar 28. apríl.
1948	Fyrsta innanhússvell landsins í gömlum bragga við Snorrabraut. Skammlíft uppátæki.
1949	Skautabíkar Íslands gefinn af ÍSÍ til árlegrar meistarakeppni í skautahlaupi. Varðveittur hjá afkomendum Kristjáns Árnasonar.
1949-50	Skautadeild Þróttar stofnuð.
1950-54	Skautafélag Reykjavíkur, Fram, Valur, Skautafélag Akureyrar, Þróttur, Í.R., Ármann og K.R. stunda öll skautahlaup.
1954	Tilraun gerð með skautasvell á Melavelli.
1950	Fyrsta skautamótið á Íslandi á hringlaga braut.

1950	Fyrsti Íslandsmeistarinn í skautahlaupi krýndur Ólafur Jóhannesson Skautafélagi Reykjavíkur.
1950	Listhlaup og íshokki æft en engin keppni.
1951	Fyrsta skipti sem Reykvíkingar keppa utan Reykjavíkur í skautahlaupi.
1951	Fyrsta skipti sem keppt er í kvennaflokki.
1955-56	Innanhússvell á vegum skátanna við Snorrabraut og voru þar stundaðar listhlaupahæfingar af Skautafélagi Reykjavíkur.
1957	Skautasvell á Melavelli.
1959	Skráðir á listhlaupaæfingar á Akureyri í nóvember og desember 9 konur og 2 karlar. Samtals skráðar æfingar í sömu mánuðum Listhlaup 9, Íshokki 7, Skautahlaup 7.
1960-61	Í fyrsta skipt keppt í yngri flokki en 16 ára í skautahlaupi.
1961	Verðlaunabikar fyrir listhlaup karla gefinn til SA af Helgu Hálfðánardóttur og Kristjáni Geirmundssyni.
1962	Skautafélag Akureyrar 25 ára.
1967	Fyrsta eiginlega íshokkíkeppnin milli SR og SA.
1970	ÍBR samþykkir vélfryst svell.
1970-71	Skautanefnd ÍSÍ starfrækt.
1980	Síðasta keppni í skautahlaupi á Vetraríþróttahátíð á Akureyri.
1988	Vélfryst svell á Akureyri.
1989	Fyrsta formlega keppin í listhlaupi 25. nóv.
1990	Fyrsta vélfrysta skautasvellið í Laugardal vígt í desember.
1990	Æfingar hefjast í listhlaupi. Íshokkífélag Bjarnarins stofnað.
1991	Þórunn Ósk Rafnsdóttir kenndi listhlaup í Birninum. Fyrsti þjálfarinn þar.
1992	Fyrsta Íslandsmeistaramótið í listhlaupi.
1992	Skautafélagið Þór stofnað formaður Helga Sigbórsdóttir með kennslu í listdansi á skautum. Þórunn Ósk Rafnsdóttir (varaform).
1993	100 ára afmæli SR.
1995	Stofnun Skautasambands Íslands ÍSS 28. febrúar. Íshokkideild og Hlaupadeild áttu aðild að sambandinu.
1998	Skautahöllin í Laugardal opnuð.
1998	Áformuð endurvakning skautadeildar Þróttar.
2000	Skautahöllin á Akureyri vígð.
2000	Hlaupadeild ÍSS fær tímabundna aðild að Alþjóðaskautasambandinu ISU.
2001	Fyrsta Íslandsmeistaramótið í samhæfðum skautadansi.
2002	ÍSS fær fulla aðild að Alþjóðaskautasambandinu ISU.
2003	Skautahöllin í Egilshöll opnuð.
2003	Fyrsta Norðurlandamótið haldið á Íslandi.
2004	Íshokki færð undir sitt eigið sérsamband ÍHÍ. Listhlaup og Skautahlaup verða áfram inni í ÍSS.
2004	Síðasta skráða Íslandsmetið í skautahlaupi af Starkaði Hróbjartssyni.
2010	Skautafélagið Fálkar stofnað í Kópavogi 27. október (markmið að byggð verði skautahöll í Kópavogi en fer aldrei af stað).
2011	Skautafélag Austurlands stofnað af m.a. Birgi Erni Tómassyni.
2011	Skautasvell rekið í bragga á Egilsstöðum.
2011	Skautadeild Aspar stofnuð í maí.
2018	Skautafélagið Björninn gengur inn í Fjölni 28. september og Fjölnir verður aðildarfélag ÍSS.

2019	Skautadeild Aspar verður aðildarfélag ÍSS. Deildin sérhæfir sig í skautakennslu fyrir fatlaða eftir kröfum Special Olympics.
2021	Skautafélagið Jökull stofnað í janúar. Markmið Samhæfður skautadans og rúlluskautaiþróttir. Fyrstu æfingar í línuskautum sumarið 2021.
2022	Skautasvell á Flateyri með möguleika á vélfrystingu undir steyptri plötu.
2022	ÍSS byrjar kynningu á Skautaati, Short track speed skating.
2022	Skautafélag Akureyrar hefur æfingar í Skautaati

12 Dagatal skautaársins

MIKILVÆGIR VIÐBURÐIR OG FRESTIR

Júlí	- Gjalddagi iðkendagjalda 1. júlí - Undirbúningsstími þjálfararráðninga - Síðsumarsnámskeið - Undirbúningur haustsins í gang
Ágúst	- Uppkeyrslubúðir eftir sumarfrí - Starf vetrarins auglýst og skráningar undirbúnar - Skautaskóli auglýstur - Alþjóðleg meistaramótsröð ISU hefst (JGP) - Námskeið fyrir starfsfók á panel - Undirbúningur grunnprófa
September	- Upphaf tímabils - Þjálfaranámskeið ÍSí - Aðildargjald ÍSS 1.sept
Október	Northern Lights Trophy
Nóvember	- Íslandsmót ÍSS - Afreksbúðir ÍSS - Skýrsla Skautum Regnbogann 15. nóv
Desember	- Sýningar félaga - Skautari Ársins ÍSS - Alþjóðlegur dagur skautaiþróttar - ÍSS Grunnpróf

Janúar	- Afreksbúðir ÍSS - Evrópumeistarmót ISU listhlaup - Ferðastyrkur ÍSí 10.jan - Þjálfaranám ÍSí - Ólympíuhátíð Evrópuæskunnar (annað hvert ár)
Febrúar	- Vetrarólympíuleikar fjórða hvert ár - Norðurlandamót - Afmæli ÍSS 28. febrúar
Mars	- Heimsmeistaramót ISU í listhlaupi - Heimsmeistaramót unglunga ISU í listhlaupi - Vormót ÍSS/lok Bikarmótarraðar - Skýrsla Skautum Regnbogann 15. mars
Apríl	- Heimsmeistaramót ISU í samhæfðum skautadansi - Starfsskýrslur aðildarfélaga til ÍSí, ÍSS og ÍBR/A 15. apríl - ÍSS grunnpróf
Maí	- Vorsýningar félaga - Sumarbúðaundirbúningur - Skautaþing
Júní	- Afreksbúðir ÍSS - Uppfæra eftir aðalfundi - Þjálfaranám ÍSí - Alþjóða Ólympíudagurinn 23. júní